



Sýrlenskur karlmaður heldur á særðu barni eftir árásir á Douma austur af Damaskus, höfuðborg Sýrlands. Fréttir herma að stjórnarherinn hafi ráðið á Douma, en svæðið er undir stjórn uppreisnarmanna. Þúsundir flóttamanna hafa að undanförmum reynt að flýja frá stríðshráðu Sýrlandi til Evrópu. Stjórn mála leiðtogar víðast hvar í Evrópu vírdast á einu máli um að það þarf að gera miklu meira til að hjálpa þeim. NordicPhotos/AFP

Gætum tekið við hundruðum

Fjölmargir Íslendingar kalla eftir því að Ísland taki á móti fleiri flóttamönnum en áform ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir. Deildarstjóri Rauða krossins í Reykjavík segir það vera stjórnvalda að ákveða töluna.

SAMFÉLAG „Við getum mjög auðveldlega tekið á móti miklu fleira fólki en nú er áætlað. Það er þó ekki Rauða krossins að koma með tölu heldur er það stjórnvalda að ákveða því þetta er spurning um stefnu og skipulag.“ segir Þórir Guðmundsson, deildarstjóri Rauða krossins í Reykjavík, um flóttamannavandann og þátttöku Íslendinga.

Fjölmargir Íslendingar hafa kallað eftir því að ríkisstjórnin falli frá áformum sínum um að taka við fimmtíu flóttamönnum í ár og á næsta ári. Sú tala eigi að vera hærrí og jafnvel miklu hærrí.

„Ég myndi hiklaust segja að ef við litum á næstu tvö ár þá ættum við að taka á móti hundruðum, ekki eitt eða tvö hundruð, heldur miklu fleirum. Það er tala sem við ráðum mjög vel við.“

Sláandi myndir hafa birst síðustu daga af börnum sem fullorðnum,

ýmist lifandi eða látnum, sem reyna að flýja ástand í heimalandi sínu til meginlands Evrópu til landa á borð við Grikkland og Makedóníu. Fólkið



Þórir Guðmundsson, deildarstjóri Rauða krossins í Reykjavík.

hættir lífi sínu í áhættusömum og ólöglegum fólksflutningum í von um betra líf. „Við höfum séð myndir af fólki sem er að kafna í vöruflutningabílum og af fólki sem er að drukna í Miðjarðarhafinu. Það verður að hjálpa þessu fólki og við verðum að taka á móti þeim.“ segir Þórir sem fagnar því að sveitarfélög landsins skyldu bregðast vel við því að taka við fleiri flóttamönnum.

Borgarastyrjöldin hófst í Sýrlandi

fyrir tæplega fjórum og hálfu ári og bjuggu þá 20 milljónir manna í landinu. Tólf milljónir hafa þurft að yfirgefa heimili sín en aðeins um 250 þúsund flóttamenn frá Sýrlandi hafa komist til landa Evrópusambandsins, sem svarar til aðeins um 2 prósentu þeirra sem þurft hafa að flýja heimili sín.

Þórir segir það vera mikilvægast að fólkið sem komi til Íslands komist í skjól fjarri styrjaldarsvæðum. „Um leið og fólkið er komið í skjól þarf það að finna fyrir því að það sé velkomið.“

Hann nefnir nokkur dæmi um það hvernig Íslendingar geti lagt sitt af mörkum og hjálpast að við að flóttafólki líði vel. „Til dæmis geta Íslendingar gerst stuðningsfjölskyldur, tekið fólki fagnandi, boðið flóttafólki í mat eða bara brosað til fólks í strætó.“

Eygló Harðardóttir velferðarráð-

herra sagði ríkisstjórnina vera að fara yfir málið hvað varðar fjölda flóttamanna í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær. Hún sagðist ekki vilja segja hvort fyrrnefnd tala verði tífölduð eða tvöfölduð vegna þess að hún vildi ekki setja neitt hámark á fjölda þeirra sem við tökum við. Það velti allt á því hversu mikla aðstoð hinn almenni borgari í landinu er tilbúinn til að veita hópnum og ríkisvaldinu.

Þá sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra í fréttum Stöðvar 2 um helgina að Ísland þyrfti að rétta fram hjálparhönd í þeirri neyð sem flóttamenn búa við í Evrópu. Hann sagðist fylgjandi því að Íslendingar geri meira en gert er núna. Þá sagði hann hryllilegt að horfa á ástandið í Evrópu og við landamæri álfunnar. Íslensk stjórnvöld hljóti að skoða hvað sé hægt að gera til að koma til aðstoðar. nadine@frettabladid.is

LANDMARK
FASTEIGNASALA

Sími

512 4900

landmark.is

LANDMARK

**Pinex®
Smelt**

Munndreifitöflur
250 mg



Actavis

499

MAGNUM PINK OG BLACK 3PK
MAGNUM WHITE OG CLASSIC 4PK



Iceland

Í dag er Fréttablaðið


SKOÐUN Þórunn Egilsdóttir skrifar um kjarasamninga **12**

TÍMAMÓT Brynjar Halldórsson er doktor í sálfræði **16**

LÍFID Erna Mist fær innblástur frá fordómafullu fólki **26**

SPORT Hlynur Bæringsson er sáttur við stöðuna fyrir EM **14**

Veður



Hæg vestlæg eða breytileg átt á morgun. Skýjað með köflum eða bjartviðri, en skýjað og sums staðar lítilsháttar súld vestan til á landinu. Hiti 7 til 16 stig, hlýjast á Suðaustur- og Austurlandi. **SJÁ SIÐU 18**



Cynthia Trililani er frá Indónesíu en hefur búið hér á landi í meira en áratug. Hún hefur ítrekað lent í því að vera ásökuð um vændi. Fréttablaðið/GVA

Algengt að kalla erlendar konur mellur

SAMFÉLAG „Ég held að þetta sé rasismi. Sem innflytjandi vil ég ekki að þetta komi fyrir okkur aftur og aftur,“ segir Cynthia Trililani um það að mósambískri konu hafi verið vísað frá skemmtistaðnum Loftið fyrr í þessum mánuði vegna ásakana um að hún væri vændiskona. Cynthia er í Félagi kvenna af erlendum uppruna.

Cynthia hefur sjálf ítrekað lent í því að vera sökuð um sölu á vændi. Bæði hefur henni verið neitað um aðgang að skemmtistöðum og þá hafa menn boðið henni greiðslu fyrir kynlíf þegar hún er úti að skemmta sér. Vinkonum Cynthia hefur líka verið neitað um aðgang að skemmtistöðum þegar þær hafa verið með mönnum sínum og þær kallaðar asiskar þikur.

„Ég held að þetta snúist um steriótýpuna. Sumt fólk hefur tilhneigingu til að alhæfa um fólk út frá hörundslit.“ –snæ

Matarhátíð Búrsins vel heppnuð



Á matarmarkaði í Hörpu „Þetta var æðislegt og neytendur áttu í góðum samskiptum við framleiðendurna. Andrúmsloftið var gott og gestir fóru héðan ánægðir,“ segir Hlédís Sveinsdóttir, verkefnastýra og einn skipuleggjandi Matarhátíðar Búrsins sem haldin var nú um helgina í Hörpunni. Þetta er í sjötta sinn sem hátíðin er haldin. Á hátíðinni var meðal annars stærsti matarmarkaður landsins, þar sem bændur og framleiðendur koma víðs vegar að hlaðnir ljúfmeti til sölu og smakks. Þá voru aðrir viðburðir á hátíðinni, svo sem örkyningar þar sem framleiðandinn sagði frá sinni framleiðslu. Auk þess fengu börnin blöðrur í hinum ýmsu myndum og boðið var upp á andlitsmálningu. „Þetta heppnaðist langt fram úr vonum.“

Fréttablaðið/Stefán

Kvartar til umboðsmanns

STJÓRNSÝSLA Þórólfur Matthíasson prófessor, sem var einn átta umsækjenda um starf ríkissáttasemjara fyrr í sumar, hefur sent erindi til umboðsmanns Alþingis þar sem hann fer fram á að farið verði í saumana á ráðningarferlinu. Bryndís Hlöðversdóttir var skipuð í embættið.

„Umkvörtunarefnið snýr að því hvort vandaðir stjórnsýsluhættir hafi verið viðhafðir við undirbúning, málsmeðferð og skipun í embætti ríkissáttasemjara vorið 2015,“ segir í erindi Þórólfs til umboðsmanns. Þar segir að ferlið sé í þrettán atriðum á skjön við góða, skilvirka og gagnsæja stjórnsýslu.

„Það sem stuðar mig er að ég tel mig vera með meiri menntun en Bryndís hefur og mér finnst síðan ferlið sjálft hannað með svolitíð sérstökum hætti,“ sagði Þórólfur í samtali við fréttavefinn Vísi í gær. –jbg

Kynfræðingar ekki kátir með kynlífspillu

Addyi er lyf sem er ætlað að auka kynhvöt kvenna. Kvensjúkdómalæknir segir að minnkandi kynhvöt kvenna sé algengt vandamál en kynfræðingar segja að vandinn sé yfirleitt þess eðlis að pilluát geti ekki bætt úr honum.

HEILBRIGÐISMÁL Ný pillu, Addyi, sem á að auka kynlöngun kvenna kemur á markaði í Bandaríkjunum á næstunni. Ólíkt Viagra, stinningarlyfi fyrir karlmenn, virkar pillan á huglæga þætti en ekki líffræðilega og er því um margt skylt geðlyfi.

Alexander Smárason, yfirlæknir kvennadeildar sjúkrahússins á Akureyri, segir minnkandi kynhvöt alls ekki óalgengt kvörtunarmál kvenna sem koma til kvensjúkdómalækna. „Þær spyrja hvort það sé hægt að gera eitthvað, en í raun er ekki mikið um töfralausnir. Það hafa verið til plástrar og vefjahyllki sem auka testósterón en hvorugt fæst á íslenskum markaði. Það þarf að hafa í huga að svo margt getur valdið minnkandi kynhvöt,“ segir Alexander.

Aslaug Kristjánsdóttir kynlífsráðgjafi segir lyfjameðferð við minnkandi kynlöngun ofureinföldun á flóknu vandamáli enda verði minnkun kynlöngun sjaldan til í tómarúmi og sé yfirleitt sambandsvandamál.

„Kynlöngun er afstætt hugtak og afar persónubundin. Það er eðlilegt að kynlöngun okkar flökki, sé stundum mikil og stundum lítil. Það eru ótal utanaðkomandi þættir sem hafa þar áhrif, svo sem stress, barneignir og ánægja í sambandi,“ segir Aslaug en fagnar því hins vegar að kynlífsvandi kvenna fái umræðu. „Þrátt fyrir það tel ég ekki að lausnin sé fundin og í raun að það sé verið að leita á röngum stað, út frá gróðasjónarmiði frekar en öðru.“

Sigríður Dögg Arnardóttir kynfræðingur hefur kynnt sér lyfið og list ekki sérlega vel á það. „Niðurstöður rannsókna sýna að tíðni ánægjulegs kynlífs fór úr hálfu skipti í eitt skipti

Hvað er Addyi?

Addyi (flibanserín) er serótónínlyf sem ætlað er konum sem nálgast breytinga-skeiðið og hafa tapað kynhvöt sinni. Lyfið var samþykkt 18. ágúst síðastliðinn af lyfjaeftirliti Bandaríkjanna og er fyrsta viðurkennda lyfið gegn kyndeyfð kvenna. Lyfjaeftirlitið hafði neitað að samþykkja lyfið í tvisgar á síðustu fimm árum. Í kjölfar ráðgefandi álits sérfræðinefndar um málið var lyfið loksins samþykkt og ef allt gengur upp fer það á markaði í Bandaríkjunum í október.

Lyfið hefur verið kallað Viagra fyrir konur en er í raun allt annars eðlis. Addyi hefur áhrif á heilaboðefni sem tengjast kynlífslöngun en Viagra hefur engin áhrif á löngun, heldur hefur það líffræðileg áhrif. Addyi er í raun geðlyf í grunninn, það þarf að taka það á hverjum degi og það má alls ekki drekka áfengi ofan í það. Þekktar aukaverkanir eru meðal annars of hárl blóðþrýstingur og þunglyndi.

á mánuði. Ánægjulegt, ekki endilega fullnægjandi. Fyrir hvern er verið að gera þetta? Fyrir manninn eða konuna?“ spyr Sigríður Dögg.


Spurð hvort lyfið verði þá nokkuð eftirsótt af konum segir Sigríður Dögg að hætta sé á að buin verði til ímynduð þörf og aukin pressa á frammiðöðu kvenna eins og gerst hefur með Viagra hjá karlmönnum.

„Nemandi í 10. bekk sagði mér fyrir nokkru að hann hefði fengið uppáskrifað Viagra hjá læknum sínum því hann náði honum ekki upp með kærustunni. Svo kom í ljós að ástæðan var tilfinningalegs eðlis.“

Sigríður Dögg segir vandamál kvenna aðallega felast í því að þær þekki ekki sinn eigin líkama nógu vel. „Konur þurfa að stunda sjálfsfröun, þekkja fantasíur sínar og það sem kveikir í þeim. Einnig þurfa þær að gera kröfu um fullnægingu og unad í kynlífi og því er minnkandi kynlöngun oft vandamál sambandsins, ekki bara konunnar. Fyrir utan að það er líka alveg í lagi að hafa litla eða enga kynhvöt ef maður er sáttur við það.“ erlabjorg@frettabladid.is

Kynlöngun er afstætt hugtak og afar persónubundin. Það er eðlilegt að kynlöngun okkar flökki, sé stundum mikil og stundum lítil.

Áslaug Kristjánsdóttir, kynlífsráðgjafi.



Nemandi í 10. bekk sagði mér fyrir nokkru að hann hefði fengið uppáskrifað Viagra hjá læknum sínum því hann náði honum ekki upp með kærustunni. Svo kom í ljós að ástæðan var tilfinningalegs eðlis.“

Sigríður Dögg Arnardóttir, kynfræðingur.



ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Fjórar sýningar að eigin vali á besta verðinu.

VERTU MEÐ Í VETUR!

Miðasala
568 8000 | borgarleikhus.is

SUZUKI BÍLAR HF.
25
ÁRA 1990-2015



Way of Life!

KRAFTMEIRI SUZUKI SWIFT!

DYNAMO REYKJAVÍK



Swift Sport er með öflugri 1600 cc vél sem er 136 hestöfl. Hann kemur fimm dyra með sex gíra beinskippingu og meðaleyðslan er aðeins 6,4 lítara á hundrað km. Swift Sport er ríkulega útbúinn. Meðal staðalbúnaðar eru sportsæti, 17 tommu álfelgur, vindskeið, tvöfalt pústkerfi, vönduð hljómtæki með sex hátölurum og USB tengi, ESP stöðugleikakerfi og sjö öryggisloftpúðar.

SWIFT
Sport

3.550.000 kr.

Komdu, skoðaðu og prófaðu gripinn.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Árni Pétur opnaði fyrstu verslunina í byrjun ágúst. Fréttablaðið/GVA

Dunkin í Kringluna

VIÐSKIPTI Kaffihúsakeðjan Dunkin' Donuts opnar annað kaffihús á Íslandi í október næstkomandi og verður það staðsett á fyrstu hæð í Kringlunni. „Við verðum með hraða og góða þjónustu og sama vöruúrval og á kaffihúsinu okkar á Laugavegi,“ segir Árni Pétur Jónsson, forstjóri Dunkin' Donuts á Íslandi, í tilkynningu til fjölmiðla.

Gert er ráð fyrir að ráða þurfi í kringum tíu manns fyrir opnunina og eftir að þeim ráðningum lýkur eru um 30 manns í vinnu hjá Dunkin' Donuts á Íslandi. Til stendur að veitingastaðir Dunkin verði orðnir 16 talsins eftir fimm ár.

Dunkin opnaði á Laugavegi 3 fyrir verslunarmannahelgi. Biðröð myndadist fyrir fyrsta opnunardaginn og á fyrsta sólarhring komu þúsundir gesta. - jhh



Sacks starfaði sem taugalæknir lengst af. NordicPhotos/AFP

Oliver Sacks látinn

VÍSINDI Oliver Sacks, breskur taugalæknir og rithöfundur, er látinn, 82 ára gamill. Hann er þekktur fyrir bækur sínar og sjónvarpsþætti um undur mannshelans og þótti skrifa af hlýju um reynslu sjúklunga sína. Banamein hans var krabbamein.

Bækur Sacks hafa selst í milljónum eintaka og verið þýddar á 25 tungumál. Gerð hafa verið eftir bókum hans leikrit, sjónvarpsþættir og kvikmyndir, þar á meðal kvikmyndin Awakenings frá 1990.

Sacks starfaði sem taugalæknir í Bandaríkjunum lengst af og hóf að skrifa um sjúklunga sína í upphafi átunda áratugar síðustu aldar. Síðustu árin bjó hann og starfaði í New York þar sem hann lést á heimili sínu. - ngy

Gestum í Gistiskýlinu fækki

Gistiskýlið fyrir útigangsfólk er fullt þrátt fyrir að plássum hafi verið fjölgað um tíu. Veikasti hópurinn vill ekki borga fyrir húsnæði. Formaður velferðarráðs Reykjavíkur segir útigangsfólk þurfa „tough love“.

SAMFÉLAG Fyrirhugað er að stokka upp þjónustu Reykjavíkurborgar við útigangsfólk. Hugmyndin er að fækka þeim sem sækja í Gistiskýlið á hverri nóttu og koma fólki frekar í varanlegt húsnæði. Fréttablaðið greindi frá því á föstudag að helmingur þeirra sem nota skýlið væru karlmenn frá Austur-Evrópu.

Reykjavíkurborg tók við gistiskýlinu að Lindargötu í júní síðastliðnum. Áður hafði það verið rekið af Samhjálp og var til langs tíma í húsnæði við Þinghóltsstræti. Við flutning úrræðisins á Lindargötu fjölgaði gistirýmum um tíu. „Þá héldu menn að þeir væru búnir að leysa vanda utangarðsmanna,“ segir Allan Morthens, forstöðumaður Gistiskýlisins.

Raunin varð önnur og í sumar hefur þurft að vísa mönnum frá þegar fullt er. Í húsinu eru 25 rúm og fjórar dýnur til að grípa til í neyð. Karlarnir sem leita í Gistiskýlið eru allt frá títugsaldri og upp í áttræðisaldur. Sumir þeirra hafa gist meira og minna í skýlinu í aldarfjórðung. „Þeim hefur stundum verið boðið annað húsnæði en það tekur of mikinn pening. Þetta eru öryrkjar með 150 til 200 þúsund krónur á mánuði. Þeir vilja ekki eyða peningum í húsnæði. Þeir eru í neyslu,“ segir Allan.

Í skýlinu er eitt pínulítið einstaklingsherbergi sem hugsað er fyrir unga stráka eða ef þangað leitar fólk sem er edrú. Þá er þar líka herbergi búið nokkrum rúmum sem tekur á móti allra veikustu mönnum. Allan lýsir því að þangað komi stundum menn sem þurfi að rúlla inn í hjólastólum sökum ölvunar. „Hér skíta menn á sig og æla og fá krampa.“ Sjúkrabílar og lögregla eru tíðir gestir í skýlinu.

Á annarri hæð hússins er herbergi sem kallast í daglegu tali Pólska svítan. Þar eru níu rúm svo gott sem frátekin fyrir hóp manna frá Austur-Evrópu sem gistir reglulega í Gistiskýlinu. Fréttablaðið greindi frá því fyrir helgi að Reykjavíkurborg væri nú að reyna að kortleggja vanda þessa hóps. Mennirnir tala ekki íslensku og litla ensku. Þess vegna hefur þeim reynst erfitt að nýta úrræði sem þeim standa til boða í húsnæðismálum og meðferð við vímuefnavandanum. „Þeir eru bara allslausir og kjósa að vera hér því hér fá þeir allavega að borða og sofa.“

Í húsinu er rúmum komið fyrir hverju upp við annað. „Það verður að stappa inn. Þetta er auðvitað ekki boðlegt. Vonandi verður framhaldið þannig að við getum losað um þetta þannig að það geti verið meiri reisin yfir þessu,“ segir Allan.

Um fimmtíu manns eru í alvar-



Gistiskýlið gefur ekki mikið pláss fyrir næði. Rúmdýrnarnar eru gjöf frá Minningarsjóði Lofts Gunnarssonar útigangsmanns. Fréttablaðið/Anton Brink

legustu stöðunni í Reykjavík, að sögn Ilmar Kristjánsdóttur, formanns velferðarráðs. Hluti af þeim er kannski um tíu manna hópur erlendra aðila. Nú hefur svokallað útigangsteymi á vegum Reykjavíkurborgar smíðað nýtt verklag fyrir utangarðsfólk. Teymið samanstendur af félagsráðgjöfum, borgarvörðum, kjörnum fulltrúum og öðru starfsfólki sem sinnir þjónustu við útigangsfólk. „Það sem hefur verið til umræðu er að það sé ákveðin ofþjónusta við veikasta hópinn á versta staðnum og kannski ekki nógu mikil hvatning til að komast upp úr þessum erfiða stað,“ segir Ilmur.

Hún segir að hugmyndir teymisins byggja á því að fólk þurfi svokallaða tilvísun til að gista í Gistiskýlinu. „Þegar þú færð tilvísunina færð þú kannski viku á meðan það er verið að vinna úr málinu þínu. Þegar þú ert búinn að gera áætlun með þínum félagsráðgjafa færðu eitthvert fast rými, líka í Gistiskýlinu.“

„Svo þegar þú ert búinn að ná

einhverri áætlun færðu kannski sérherbergi og þegar þú ert búinn að vera í því í einhvern tíma og ná árangri færðu úthlutað íbúð. Þannig á þetta að virka.“

Ilmur segir að nú sé lausnin að úthluta íbúðum til fólks sem vegna fiknar sinnar og geðrænna kvilla ráði ekki við að halda heimili.

Aðspurð hvort til greina komi að húsnæðið sem fólk fái úthlutað verði gjaldfrjálst, í ljósi þess að sumir vilji frekar eyða örorkubótum í neyslu en húsnæði, segir Ilmur að það sé ekki inni í myndinni. „Ef þú færð frítt húsnæði og bætur þá getur þú bara eytt bóttunum þínum í neyslu en það þarf að vera „tough love“. Það er verið að tala um það núna í velferðarkerfinu í Svíþjóð að það þurfi að vera hvati. Þú þarft að sýna árangur til að fá umbun. Mér finnst í rauninni koma til greina að rukka fyrir Gistiskýlið þegar þú ert búinn að vera í ákveðinn tíma og það er búið að gera ákveðna áætlun með þér sem þú stendur ekki við.“ snaeros@frettabladid.is

●● **Þetta eru öryrkjar með 150 til 200 þúsund krónur á mánuði. Þeir vilja ekki eyða peningunum í húsnæði. Þeir eru í neyslu**

Allan Morthens, forstöðumaður Gistiskýlisins



●● **Það sem hefur verið til umræðu er að það sé ákveðin ofþjónusta við veikasta hópinn á versta staðnum og kannski ekki nógu mikil hvatning.**

Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs



Vatnið hitnar í Vaðlaheiðargöngum

SAMGÖNGUR Heitavatnsrennslíð í Vaðlaheiðargöngum vestanverðum er stöðugt og hefur hiti vatnsins náð 63 gráðum. Þegar stóra vatnsæðin kom í ljós síðasta sumar var vatnið um 43 gráður og runnu þá um 350 lítrar á sekúnda úr stafni ganganna. Enn er of mikið kaldavatnsrennslí austan megin í göngunum til að geta hafið gangagróft þar.

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, segir verktaka enn vera á svokölluðu blautu svæði í göngunum vestan megin og því sé framvinda ekki hröð í augnablikinu. Göngin hafa lengst um 25 metra á viku síðustu vikurnar en ekkert hefur verið borað austanmegin síðan kalt vatn fyllti göngin þar. „Um leið og við komumst úr þessu blautu svæði þá getum við grafið á meiri hraða en nú er gert,“ segir Valgeir og bendir á að þegar best lét lengdust göngin um eitt hundrad metra á viku, sem er talið mjög gott.

„Vatnið er um 63 gráðu heitt og við erum mikið að vinna í efnagraft og bergþéttingum til að halda áfram verk-



Mikill hiti er í göngunum og eru stórir blásarar fyrir utan munnann sem blása lofti inn í göngin. Fréttablaðið/Auðunn Nielsson

inu. Austan megin er unnið að vegskála og vegafraamkvæmdum á meðan ekki er hægt að grafa. Við sjáum samt vatnsrennslíð minnka þar og því förum við að sjá forsendur fyrir því að hefja útdælingu á vatninu og byrja að grafa austan megin líka,“ segir Valgeir.

Hann telur þó að göngin verði hægt að opna í lok árs 2017. „Við gerum okkur vonir um það, já. Við erum svona að kortleggja hvernig við sjáum framvinduna fyrir okkur og þetta gæti verið orðið klárt fyrir áramót 2017-2018.“ - sa

SÉRTILBOÐ

Frá kr. **89.900**

Aguamarina á

Costa del Sol

7. september eða 17. september

Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 + 2 í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 115.900 m.v. 2 í íbúð.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimferðir

HONDA
The Power of Dreams

VEGUR FRAMFARA ER ENDALAUS

BETRI AFKÖST, SPARNEYTNI OG TÆKNI

CR-V - ENDALAUST BETRI



VERTU VELKOMIN(N) Í REYNSLUAKSTUR OG UPPLIFÐU ENDALAUST BETRI CR-V

OPIÐ LAUGARDAGA MILLI KL. 12:00 OG 16:00



www.honda.is



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þrjú börn hurfu af austurrísku sjúkrahúsi

AUSTURRÍKI Þrjú þeirra barna sem lögreglan í Austurríki bjargaði úr vöruflutningabíl í bænum Braunau þar í landi á föstudag eru nú horfin af sjúkrahúsinu. Stöðvaði lögregla bílinn á leið sinni að landamærum Þýskalands og kom í ljós að tuttu-ugu og sex flóttamenn frá Sýrlandi, Afganistan og Banglades voru innanborðs og hefur bílstjórinn verið tekinn höndum.

Bíllinn fannst degi eftir að upp komst um yfirgefinn flutningabíl með sjötíu og einu líki flóttafólks í

Austurríki, sem talið er að hafi látist tveimur dögum áður. Segir lögregla allar líkur á að fjölskyldur barnanna freisti þess að komast yfir til Þýskalands, en Braunau er á landamærum Þýskalands og Austurríkis.

Undanfarinn mánuð hafa um 107.500 flóttamenn komið til Evrópu, hvort sem er sjóleiðina eða akandi. Franski utanríkisráðherrann, Laurent Fabius, gagnrýndi aðgerðarleysi Austur-Evrópuþjóðanna í viðtali við BBC í gær, og sagði afskiptaleysið hreint hneyksli. - ga

HL STÖÐIN


Starfsemi HL stöðvarinnar í Reykjavík hefst samkvæmt stundaskrá fimmtudaginn **3. september**.

Vinsamlega staðfestið þátttöku í síma **561 8002** eða á **hlstodin@simnet.is**.

HL STÖÐIN

Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga
Hátúni 14 - 105 Reykjavík - Sími 561 8002

Parfnast þú meiri orku?



Orkulausnir

Henta þeim sem glíma við orkuleysi, eru með vefjagigt eða vilja byggja sig upp eftir erfið veikindi. Einstaklingsviðtal við sjúkráþjálfara.

8 vikna námskeið hefst 1. september þri. og fim. kl. 10.00 og 15.00
Framhaldsnámskeið þri. og fim. kl. 14.00.

Þjálfari: Linda Gunnarsdóttir sjúkráþjálfari

Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is



HEILSUBORG
- Þín brú til betri heilsu

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010

Brasilíumenn senda ákall til fyrrverandi forseta



Stjórnvöldum mótmælt Mótmælendur í Sao Paulo í Brasilíu halda á uppblásinni blöðru af Luiz Inacio Lula da Silva þegar þeir mótmæla Dilma Rousseff, núverandi forseta, og Verkamannaflokknum á Paulista-breiðstræti, sem er aðalgata fjármálamarkaðarins í Sao Paulo. Mikil reiði ríkir út í núverandi stjórnvöld landsins. NordicPhotos/AFP

Brotið á rétti fatlaðs fólks í Vesturbyggð

Engin ferðapjónusta er fyrir fatlað fólk sem býr í sveitarfélaginu Vesturbyggð. Engin bíll er þar til slíks aksturs. Bæjarstjóri Vesturbyggðar segir ríkið bera ábyrgð. Lögfræðingur ÖBÍ segir lögin kveða skýrt á um skyldu sveitarfélaga í þessum efnum.

SAMFÉLAG „Um þessi mál hafa allir þagað á sama tíma og allt verður vitlaust ef fatlaður Reykvikingur þarf að bíða í einn eða tvo klukkutíma eftir flutningi,“ segir Valdimar Össurson, sem hefur barist fyrir rétti fatlaðra í sveitarfélaginu Vesturbyggð um tíma. Móðir Valdimars er bundin við hjóla-stól og býr í því sveitarfélagi.

Áð sögn Valdimars hefur sveitarfélagið komist upp með að brjóta lög um málefni fatlaðra, jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna í mörg ár með því að bjóða ekki upp á lögbundna ferðapjónustu fyrir fatlaða. Þar sé enginn bíll til slíks aksturs. „Það eru margvísleg lögprot sem fatlað fólk í Vesturbyggð sætir af hálfu opinberra aðila. Vesturbyggð er lítið samfélag og því er málið viðkvæmt. Fatlaðir í sveitarfélaginu eru þannig í mjög slæmri aðstöðu til að sækja rétt sinn.“

Sveitarfélagið samanstendur af fjórum hreppum og eru Patreksfjörður og Bíldudalur aðalþéttbýliskjarnarnir. Þar búa rúmlega eitt þúsund manns.

Í lögum um málefni fatlaðs fólks segir að sveitarfélög skuli gefa fötluðu fólki kost á ferðapjónustu. Markmið ferðapjónustu fatlaðs fólks sé að gera þeim sem ekki geta nýtt sé almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tólmstunda.

Við viljum sinna fötluðum íbúum vel og höfum verið að reyna að finna lausn í þessu máli.

Fyrir lítið sveitarfélag er þetta griðarlega mikill kostnaður.“

Ásthildur Sturludóttir



Þetta er ekkert flókið. Þeir eru ekki að sinna því sem þeim ber að gera samkvæmt lögum.“

Sigurjón Unnar Sveinsson



„Þetta er eitt af þeim ákvæðum sem eru einna skýrust í lögnum. Það er mjög alvarlegt ef sveitarfélag sér ekki að hér er um skyldu að ræða. Þeir hafa sagt í tvö ár að þeir séu að að reyna að semja við verkataka til að keyra bíl en aldrei hefur neitt verið gert,“ segir Sigurjón Unnar Sveinsson, lögfræðingur hjá Öryrkjabandalagi Íslands og bætir við að málið sé algjörlega óásættanlegt.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, staðfestir að ekki sé í boði ferðapjónusta fyrir fatlaða í Vesturbyggð. „Við höfum reynt að semja við verkataka um málið og vorum búin að semja við aðila en hann gaf svo verkefnið frá sér.“

Ásthildur segir að unnið sé í því að finna verkataka á svæðinu til þess að taka að sér akstur fatlaðra. Ábyrgðin

sé þó ekki á sveitarfélaginu heldur ríkinu. „Þeir aðilar sem þurfa á ferðapjónustu að halda í Vesturbyggð eru allir á sjúkrahúsi og er það því hlutverk ríkisins að halda utan um þá aðila. Þetta er í raun ekki í okkar höndum,“ segir Ásthildur og bætir við að sveitarfélagið vilji hins vegar koma upp þjónustu fyrir fatlaða. „Við viljum sinna fötluðum íbúum vel og höfum verið að reyna að finna lausn í þessu máli. Fyrir lítið sveitarfélag er þetta griðarlega mikill kostnaður.“

Sigurjón segir engu máli skipta að fatlaðir einstaklingar í Vesturbyggð séu á sjúkrahúsum. Skyldan sé lögbundin. „Þetta er ekkert flókið. Þeir eru ekki að sinna því sem þeim ber að gera samkvæmt lögum.“

nadine@frettabladid.is

Jarðvegsþjappa og steinsög

149.900 m. VSK



Oleo Mac 16" Steinsög 5HP

Vagn fánlegur sér kr. 129.900 með vsk.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ



210.900 m. VSK

PC 1442 Shatal jarðvegsþjappa

Stærð plötu: 400 x 550 mm
Þyngd: 80 kg
Mótor: Honda bensín 5,5 hö
Miðflótttafl á plötu: 1400 kg
Mesti hraði áfram: 26 m/mín
Vibratíoni: 93 Hz

(fleiri stærðir á lager)

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Þvottavélar.....**39.900,-**
 Þurrkarar.....**39.900,-**
 Uppþvottavélar.....**39.900,-**



Kælikápar.....**18.900,-**
 Frystiskápar.....**24.900,-**
 Frystikistur.....**29.900,-**



Helluborð.....**14.990,-**
 Keramik helluborð.....**29.900,-**
 Ofnar.....**44.900,-**
 Eldavélar.....**39.900,-**
 Háfar.....**14.900,-**
 Eldhúsviftur.....**7.990,-**



Matvinnslutæki

VERÐ FRÁ KR.
 Töfrasprotar.....**1.490,-**
 Sítrónupressur.....**1.990,-**
 Kaffikvarnir.....**1.990,-**
 Blandarar.....**2.990,-**
 Handþeytarar.....**2.990,-**
 Hakkarar.....**2.990,-**
 Ísgerðarvélar.....**4.990,-**
 Matvinnsluvélar.....**4.990,-**
 Safapressur.....**6.990,-**
 Hakkavélar.....**9.990,-**
 Hrærivélar.....**19.990,-**

Listinn er ekki tæmandi
 Sjáðu allt úrvalið á rafha.is



Eldhústæki

VERÐ FRÁ KR.
 Hraðsuðukönnur.....**1.490,-**
 Eldhúsvogir.....**1.490,-**
 Brauðristar.....**1.490,-**
 Kaffivélar.....**1.990,-**
 Samlokugrill.....**1.990,-**
 Vöflujárn.....**2.990,-**
 Hrisgrjónapottar.....**2.990,-**
 Borðhellur.....**3.990,-**
 Mínútugrill.....**3.990,-**
 Djúpsteikingap.....**4.990,-**
 Brauðvélar.....**9.990,-**

Listinn er ekki tæmandi
 Sjáðu allt úrvalið á rafha.is



RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

LAGERHREINSUN



Electrolux

FW-20L6120 Þvottavél

Vönduð heimilisþvottavél með 1200 snúninga vinduhræða.

- ✓ Tekur 6 kg af taui
- ✓ Framstíllt ræsing möguleg
- ✓ TimeSave - sparar 50% tíma.
- ✓ Frábær ný þvottakerfi þ.á.m.
- ✓ sportfatnaður og handþvottakerfi.
- ✓ AutoSense þvottatækni.
- ✓ Áfangapeytivinda.
- ✓ Fullt verð kr. 74.900.

KYNNINGARVERÐ KR.
55.555
 SPARAÐU 19.345

YFIR 60 GERÐIR!

Pottar og pönnur í öllum stærðum og gerðum sem virka á allar hellur.
 Sjáðu allt úrvalið á rafha.is



PR. STK

LAGERHREINSUN KR.
2.990
 67% AFSLÁTTUR

TRÍSTAR
 Grillpanna eða djúp panna með loki
 Fullt verð kr. 8.990.

25-67%
 AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
 POTTUM & POTTUM

Electrolux

JMORIGIN JetMaxx ryksuga

Afar vönduð ryksuga með frábærum sogkrafti. 1500W orkusparandi mótur sem skilar heilum 2300W. 9 metra vinnuradius. Fullt verð kr. 19.990.



LAGERHREINSUN KR.
13.990
 30% AFSLÁTTUR

1500W = 2300W
 9M VINNU-RADIUS

DOMO

DO-9033G Heilsugrill

Settu hollustuna í fyrirrúm og eldaðu holla máltíð án þess að nota fitu. Fitan rennur niður í bakka undir grillinu. 2000W element sem tryggir að safinn lokist inni kjötinu svo það haldist meyr og lúffengt.
 Fullt verð kr. 11.990.

Rafha ehf

Opið
 virka daga 9-18
 laugardag 11-17
 sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
 Sími 5880500
www.rafha.is



Lýðræðismál voru í brennidepli á aðalfundi Pírata sem fór fram í lönó um helgina. Fundarmenn hafa í raun sinnt málefnavarfinu í nokkurn tíma en öll málefnavinna fór fram á vef Pírata. Þannig gátu fleiri en bara fundargestir mótað stefnu flokksins. Fréttablaðið/Stefán

Ætla sér að færa valdið til almennings

Aðalfundur Pírata lofar íslensku þjóðinni því að samþykkja nýja stjórnarskrá og koma á þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Kapteinn Pírata telur best að mynda stjórnarsáttmála með öðrum stjórnmálaflokkum fyrir kosningar.

Stefán Rafn
Sigurbjörnsson
stefanrafn@frettabladid.is



STJÓRN MÁL „Píratar eru mótstöðu-flokkur í eðli sínu,“ segir Ásta Helgadóttir, verðandi þingmaður Pírata. Hún mun taka þingsæti Jóns Þórs Ólafssonar þegar Alþingi kemur aftur saman í byrjun september.

Hún segir að eðli Pírata hingað til hafi verið að bregðast hratt við aðgerðum ríkisstjórnarinnar hverju sinni en með auknum meðbyr gætu Píratar hugsanlega þurft að breyta starfsháttum. Hún sér fyrir sér að Píratar gætu tekið þátt í ríkisstjórn eftir Alþingiskosningar.

Ásta er ánægð með fylgi Pírata en segir að þrátt fyrir bjartsýni þurfi að halda uppi raunhæfum væntingum. „Ég held að við getum gert ráð fyrir um 15 til 25 prósentum atkvæða í næstu kosningum.“

Í stjórnmálaflokki þar sem enginn formaður er til staðar er athygli fólks á málefnum en ekki úlfúðinni í kringum formannskosningar.

„Við Píratar erum í raun eins og ein stór fjölskylda. Í stað þess að deila um leiðir að markmiðinu erum við með mjög skýran fókus á markmiðið. Við


erum mjög lausnamiðaður flokkur,“ segir Ásta.

Flokkur sem berst fyrir því að færa valdið til fólksins fylgir eigin predikun en undirbúningur málefnavarfinu Pírata fór fram í aðdraganda fundarins á vefnum. Allir skráðir Píratar áttu kost á að ræða og móta stefnuna fyrir fundinn og þrjár vinsælustu tillögurnar fengu að lokum meðferð fundarmanna aðalfundar.

Lýðræðismál voru ofarlega á baugi og raunar voru nær einungis lýðræðismál á dagskrá aðalfundar en þar trónaði ný stjórnarskrá efst. Þá samþykkti fundurinn tillögu um lýðræðiseflingu á öllum stjórnsýslustigum, eflingu á kosningaþátttöku ungs fólks og ályktun um móttöku flóttafólks.

Ásta Guðrún Helgadóttir, verðandi þingmaður Pírata.

Fylgi Pírata



Telur heiðarlegast að gera stjórnarsáttmála fyrir kosningar

„Að sjálfsögðu er það þannig að við höfum verið stjórnmálaflokkur sem er í stöðugri mótun og þróun en það er gott að hafa kjölfestu í grunnstefnunni okkar og síðferðilegan kompás í Pírata-kóðanum,“ segir Birgitta Jónsdóttir, kapteinn Pírata.

Bjarni Benediktsson gagnrýndi Pírata fyrir rötleysi á dögnum en Birgitta segir Pírata bara hafa gaman af gagnrýnni og flokksmenn passa upp á að ekki sé svarað í sömu mynd. Þá segir hún að hluti af því að skapa stefnufestu sé að ganga til kosninga með tilbúinn stjórnarsáttmála utan um ákveðin málefni.

„Ég held að það hljóti að vera krafa á þá flokka sem ætla að vinna saman eftir kosningar að þeir láti liggja fyrir stjórnarsáttmála fyrir kosningar. Þá getur fólk tekið afstöðu til þess hvað það vill sjá þessa flokka gera saman. Ef þú

gerir það eftir á upplifir fólk það eins og það sé svikið.“

Margir telja að fylgisaukning Pírata skýrist af andúð á eldri stjórnmálaflokkum. Birgitta telur mikilvægt að kjósendur átti sig á því að enginn einn stjórnmálaflokkur er fær um að framkvæma breytingar.

„Ég held að það sé mjög mikilvægt að fólk átti sig á því að ef það vill að Píratar vinni ekki með neinum þá munum við vera í minnihluta og þá náum við ekki að koma neinum

stefnumálum í gegn. Ef það er krafan þá verðum við alltaf í minnihluta.“

Hún segir það óhjákvæmilegt að flokkurinn standi ekki undir væntingum allra sem kjósa hann en Birgitta telur að þá sé best að lofa sem minnstu og vera fókuseraður á sín helstu stefnumál. Hún nefnir til dæmis að síðasta ríkisstjórn hafi gengið í þá gildru að ætla sér of mikið.

„Pau gerðu þau grundvallarmistök að ætla sér að gera of margt og þar af leiðandi gerðu þau ekki neitt vel. Er ekki nær að prófa eitthvað annað en við höfum alltaf gert?“

„Við höfum ekki rætt það,“ segir Birgitta um hvort Píratar séu reiðubúnir að taka sæti í ríkisstjórn. Hún segir það þó ekki í boði ef Píratar þyrftu að gefa afslátt á vinnubrögðum sínum og hugmyndafræði.

„Ég myndi ekki vilja vera bæði ráðherra og þingmaður. Það er á hreinu. En ef ég ætli að nefna óskastöðuna myndi ég vilja vera utanríkisráðherra, hjarta mitt er í utanríkisráðunum. En ég hef samt aldrei fantaserað um þingmennskuna eða ráðherrastól.“

Vilja afgreiða tvö mál og boða til kosninga

Af hljóðinu í fundargestum að dæma virtist lítið um málefnaágreiningu á aðalfundi Pírata. Engin formannskosning og fá stefnumál á dagskrá hafa eflaust gert það að verkum að engir flokkadrættir hafi myndast innan flokksins.

Aðalmál fundarins var ályktun um nýja stjórnarskrá og þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður að Evrópusambandinu.

„Píratar lofa íslensku þjóðinni að fá flokkurinn umboð hennar í næstu kosningum til Alþingis muni næsta þing samþykkja og fjalla um tvö mál. Í fyrsta lagi hina nýju stjórnarskrá og í öðru lagi boða til bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu vegna umsóknar Íslands að Evrópusambandinu. Að afgreiddum þessum málum verður boðað til nýrra Alþingiskosninga svo ný stjórnarskrá geti tekið gildi.“

HÖRKUTILBOÐ

31. ÁGÚST TIL 4. SEPTEMBER

DEWALT

- á heima hjá Sindri -

DCD790D2

18V KOLALAUS HLEÐSLUBORVÉL

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*2,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,55 kg
Gírar: 2
LED ljós



Verð með upptöku

35.142 m/vsk.
Fullt verð 47.142

Tökum eldri borvélar upp í fyrir 12.000,-



DCD790P2

ÖFLUG 18V KOLALAUS HLEÐSLUBORVÉL

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*5,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,84 kg
Gírar: 2
LED ljós



Verð með upptöku

54.365 m/vsk.
Fullt verð 66.365

Tökum eldri borvélar upp í fyrir 12.000,-



DCG412N

SLÍPIROKKUR 18V XR 125 MM

Fyrir 125 mm skífur
Afl: 405W
Snúningshraði: 7.000 sn./mín.
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu



Tilboðsverð

27.900 m/vsk.
Fullt verð 33.957

DCS355N

18V FJÖLNOTA SÖG

Afl: 300W
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu
Hraði: 0-20.000 OPM
Þyngd: 1,06 kg
Flýtilosun á blaði
Lengd: 310 mm



Tilboðsverð

34.900 m/vsk.
Fullt verð 45.505

DCF880N

ÖFLUG 18V HERSLUVÉL 1/2

Rafhlaða: kemur án rafhlöðu
Bitahaldari: 1/2"
Hersla: 203 Nm
Afl: 250W
Snúningshraði: 0-2.300 sn./mín.



Tilboðsverð

34.900 m/vsk.
Fullt verð 41.425

DCF886N

18V HERSLUVÉL

Öflug 18V kolalaus hersluvél
Bitahaldari: 1/4"
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu
Hersla: 165 Nm
Hraði: 0-2.800 sn./mín.
LED ljós



Tilboðsverð

34.900 m/vsk.
Fullt verð 45.430

D28135

SLÍPIROKKUR

Afl: 1400W
Skífur: 125 mm
Snúningshraði: 10.000 sn./mín.
Þyngd: 2,5 kg



Tilboðsverð

19.900 m/vsk.
Fullt verð 21.593

DWE4151

SLÍPIROKKUR

Afl: 900W
Skífur: 125 mm
Snúningshraði: 11.800 sn./mín.
Þyngd: 2,05 kg



Tilboðsverð

13.900 m/vsk.
Fullt verð 16.922

DCK211D2T

BORVÉL HERSLUVÉL 10.8V

Borvél
Hersluvél
Rafhlaða: 2*2,0 Ah
Hleðslutæki
Vönduð TSTAK taska



Tilboðsverð

45.900 m/vsk.
Fullt verð 60.115

DCS355D2

18V FJÖLNOTA SÖG OG JUÐARI

Rafhlaða 2*2 Ah Li-Ion
Hraði: 0-20.000 OPM
Fjöldi aukahluta
Flýtilosun á blaði
Vönduð TSTAK taska



Tilboðsverð

57.900 m/vsk.
Fullt verð 76.316

PIPA/STVA • SÍA • 153952



NÝ VERSLUN
Skútuvogi 1, Reykjavík

www.sindri.is / sími 575 0000

Víðarhöfða 6, Reykjavík / Skútuvogi 1, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði

SINDRI

Eitt stærsta aurflóð sem fólk man eftir

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Gríðarmikil úrkoma sólarhringinn fyrir flóðin á Siglufirði olli því að þúsundir rúmmetra skriðu fram. Sjö skriður loka veginum milli Siglufjarðar og Fljóta og nokkra daga tekur að hreinsa fráveitukerfi bæjarins. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra telur eðlilegt að kanna hvort ríkissjóður komi að innviðauppbyggingu í bæjarfélaginu.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra vill láta skoða hvort ríkissjóður eigi að koma að innviðauppbyggingu í Siglufirði eftir flóðið í bænum síðastliðinn föstudag.

Aurflóðið er með þeim stærri í minnum. Straumþungi Hvanneyrarár, sem kemur niður úr Hvanneyrarskál norðarlega í bænum, varð svo mikill að að áin rauf í sundur tvo vegi á leið sinni niður bæinn, Fossvegur og Hólaveg, flæddi yfir bakka sína í suðurátt meðfram sjúkrahúsinu í bænum og þar niður á eyrina svokölluðu. Geysistört stöðuvatn myndaðist á stórum hluta eyrarinnar með tilfallandi eðju sem smeygði sér inn í á fjórða tug íbúðarhúsa. Mörg íbúðarhús í bænum eru mikið skemmd og dæmi um að innanstokksmunir á jarðhæð húsa séu allir ónýtir.

Hulda Ragnheiður Arnadóttir, framkvæmdastjóri Viðlagatrygginga, segir starfsmann á þeirra vegum verða í Fjallabyggð á morgun til að svara spurningum heimamanna. Hún segir forsendu þess að geta fengið innbú bætt hjá sjóðnum vera þá að eigandi sé með brunatryggt innbú. „Ef einstaklingur er með brunatryggt innbú getur hann fengið það bætt hjá okkur, annars ekki,“ segir Hulda Ragnheiður.

Bæjarstarfsmenn vinna nú hörðum höndum að því að tæma fráveitukerfi bæjarins af grjóti og leir sem safnast hefur saman í kerfinu. Í aurflóðinu fylltist allt fráveitukerfið sem gerði það að verkum að vatn leitaði inn í hús.

Að auki lokaðist vegurinn milli Siglufjarðar og Fljóta í Skagafirði. Þrjár skriður féllu niður á veginn austan Strákaganga og aðrar fjórar féllu í Almennungum vestan



Sigmundur Davíð virti fyrir sér skemmdirnar á Siglufirði í gær. „Greinilegt að menn hafa unnið þrekvirkni hérna,“ sagði forsætisráðherrann. Fréttablaðið/Völundur Jónsson

Mikil vinna fram undan

Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, segir mikla vinnu eftir við að þrifa. „Bæjarstarfsmenn eru nú á fullu að hreinsa lagnakerfið og við munum verða í því næstu daga. Á sama tíma erum við í beinu sambandi við þann viðbragðshóp sem forsætisráðherra kallaði saman. Við munum síðan í framhaldinu fara að ræða það hvernig ríkið komi að málum við að bæta fráveitukerfi bæjarins.“



ganganna. Vegagerðin vinnur að því að hreinsa veginn og telur líklegt að hann opnast ekki fyrr en í fyrsta lagi á miðvikudag.

Sigmundur Davíð átti fund í gær með oddvitum allra flokka í bæjarstjórn Fjallabyggðar. Eftir fundinn fór hann í könnunarleiðangur um bæinn og virti fyrir sér afleiðingar hamfaranna síðastliðinn föstudag. „Það er auðvitað allt öðruvísi að upplifa svona hluti í eigin persónu heldur en að heyra bara lýsingar eða sjá myndir og það er mjög margt sem er mjög sláandi hérna. Þá sérstaklega að sjá skemmdirnar hjá íbúum bæjarins á heimilum fólks. Menn eru reyndar búnir að vinna ótrúlegt þrekvirkni nú tveimur dögum eftir flóðin. Í fyrsta lagi við að bregðast við ástandinu á meðan það varði og standa saman við að leysa úr þeim vanda og svo til að mynda nú þegar búið að þrifa meira og minna allar götur því menn hafa tekið þetta mjög föstum tókum og staðið saman. Það skiptir ótrúlega

miklu máli. En svo mun það taka tíma að vinna úr framhaldinu,“ sagði Sigmundur eftir skoðunarferð sína.

Veðurathugunarstöðin á Saudanesi í Almennungum sýndi að morgni föstudagsins úrkomu upp á 114,7 mm, sem er gríðarlega mikil úrkoma. Sólarhringnum áður hafði fallið 41 mm svo mikið vatn var til staðar í fjöllum fyrir ofan Siglufjörð þegar Hvanneyraráin breiddi úr sér.

Sigmundur segir marga sitja eftir með bæði eignatjón og tilfinningatjón. „Við þurfum í sameiningu, heimamenn og stjórnvöld, að vinna saman að því að leysa úr málum. Eitthvað fellur utan viðlagatrygginga og það þarf að meta það hvort ekki sé hægt að finna lausn á því að bæta það og svo í framhaldinu að skoða hvort ekki þurfi að huga að innviðauppbyggingu.“

Stjórnvöld þurfi að skoða meðal annars hvort ofanflóðasjóður hafi hlutverki að gegna í þessum aðstæðum. sveinn@frettabladid.is

Leið aurflóðsins inn í bæinn



Nú eru tilboðsdagar hjá okkur í fullum gangi.

Framúrskarandi Bosch heimilistæki og falleg gjafavara.



Kæli- og frystiskápur

KGE 36BW30
Hvítur. Orkuflökkur A+.
ChillerBox-skúffa.
Tvö kælikerfi.
Mál: 186 x 60 x 65 sm.

Tilboðsverð:
109.900 kr.
Fullt verð: 139.900 kr.



Uppvottavél

SMU 55M12SK
Hljóðlát, 44 dB.
Fimm kerfi.
TurboSpeed 20 mín.

Tilboðsverð:
109.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.



Safapressa

MES 25A0

Pressar bæði ávexti og grænmeti.

Tilboðsverð:
17.900 kr.
Fullt verð: 22.600 kr.

Opið virka daga frá kl. 11 – 18
og á laugardögum frá kl. 11– 16.

BOSCH
BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is
Sími 520 3090

HÖRKUTILBOÐ

31. ÁGÚST TIL 4. SEPTEMBER

DEWALT

- á heima hjá Sindri -

DCD795D2

18V KOLALAUS HLEDSLUBORVÉL MED HÖGGI

Patróna: 13 mm
Rafhlaða 2*2,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,62 kg
Gírar: 2
LED ljós



Verð með uppitöku
38.230 m/vsk.
Fullt verð 50.230

Tökum eldri borvélar upp í fyrir 12.000,-

DCD795P2

18V KOLALAUS HLEDSLUBORVÉL MED HÖGGI

Patróna: 13 mm
Rafhlaða 2*5,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,62 kg
Gírar: 2
LED ljós



Verð með uppitöku
58.872 m/vsk.
Fullt verð 70.872

Tökum eldri borvélar upp í fyrir 12.000,-

DCS380N

18V SVERÐSÖG

Afl: 560W
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu
Hraði: 0-2.950 slög/mín.
Þyngd: 2,7 kg
Flýtilosun á blaði
Lengd: 425 tmm



Tilboðsverð
34.900 m/vsk.
Fullt verð 45.015

DCS331N

18V STINGSÖG

Afl: 400W
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu
Hraði: 0-3.000 slög/mín.
Þyngd: 2,4 kg
Flýtilosun á blaði
Strokulengd: 26 mm



Tilboðsverð
36.900 m/vsk.
Fullt verð 50.550

DCS391N

18V HJÓLSÖG

Afl: 460W
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu
Hraði: 3.700 sn./mín.
Þyngd: 3,2 kg
Skurðargeta við 90°: 55 mm
Blaðstærð: 165 mm



Tilboðsverð
34.900 m/vsk.
Fullt verð 49.836

DW088

2JA LÍNU LASER

Sá allra vinsælasti
Virkar núna með móttakara
Þyngd: 0,46 kg
3*AA rafhlöður
Veggfesting
Nákvæmni: +/-0,3 mm/m



Tilboðsverð
39.900 m/vsk.
Fullt verð 48.269

DWS780

GEIRUNGSSÖG

Afl: 1675W
Snúningshraði: 1.900-3.800 sn./mín.
Blaðstærð: 305 mm
Mesti halli: 48°/49°
Geirungur (hægri/vinstrí): 60°/50°



Tilboðsverð
175.926 m/vsk.
Fullt verð 184.522

DW770

GEIRUNGSSÖG

Afl: 1600W
Snúningshraði: 6.300 sn./mín.
Blaðstærð: 216 mm
Mesti halli: 48°
Geirungur (hægri/vinstrí): 50/50



Tilboðsverð
54.000 m/vsk.
Fullt verð 63.921

DE7023

LÉTT OG ÞÆGILEGT BORD FYRIR ALLAR GERDIR GEIRUNGSSAGA

Lengd: 1,9-3,9 m
Burðargeta: 227 kg



Tilboðsverð
33.900 m/vsk.
Fullt verð 54.403

DCK691M3

6 VÉLA VERKFÆRASETT 18V

DCD795 Borvél
DCF885 Hersluvél
DCS391 Hjólsög
DCG412 Slípirokkur
DCS331 Stingsög
DCL040 Ljós
Rafhlöður 3 stk. 4,0 Ah Li-Ion



Tilboðsverð
159.544 m/vsk.
Fullt verð 185.514



NÝ VERSLUN
Skútuvogi 1, Reykjavík

www.sindri.is / sími 575 0000

Viðarhöfða 6, Reykjavík / Skútuvogi 1, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði

SINDRI

SKOÐUN

Megnið af volæði veraldarinnar



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Megnið af volæði veraldarinnar stafar af skorti á ímyndunaraflí,“ segir í Bréfi til Láru frá Þórbergi Þórðarsyni frá 1924. Ímyndunaraflíð býr nefnilega yfir þeim stórkostlega mætti að það getur gert okkur það kleift að setja okkur í spor annarra. Gert okkur það mögulegt að finna til með fólki og skilja betur hvað rekur það áfram í lífinu og fær það til þess að gera það sem það gerir. John Lennon, annað grannhólda séni með kringlótt gleraugu eins og Þórbergur, skildi þetta líka mæta vel og bað okkur um að beita ímyndunaraflinu til þess að breyta heiminum til betri vegar. Ekki veitir af.

Þess vegna skulum við nú ímynda okkur eitt stundarkorn að við höfum í morgun vakið börnin okkar óvenju snemma til þess að reyna að komast úr landi með öllum tiltækum ráðum. Það er ekkert annað að gera. Okkar biður ekkert líf, aðeins blóðug, heiftarleg styrjöld og dauði. Ímyndum okkur að við setjum allt í að komast um borð í gúmmibát sem á smá möguleika á að koma okkur til öruggar hafnar en gæti allt eins endað á hafsbotni. Ímyndum okkur að við komumst á áfangastað en þar taki okkur enginn opnum örmum, okkar biða aðeins flóttamannabúdir, hungur og niðurlægning.

Það er erfitt að ímynda sér þessar aðstæður yfir kaffibolla á mánuðagsmorgni norður á Íslandi. Engu að síður ber okkur þó siðferðisleg skylda til þess nú þegar þúsundir streyma til Evrópu í leit að lífi. Lífi án styrjalda, hungurs og hörmunga. Ástandið er svo skelfilegt að lítil þjóð norður í Atlantshafi þarf nú að hætta að hugsa smátt. Íslensk stjórnvöld samþykktu fyrir ekki svo löngu að taka við fimmtíu flóttamönnum á tveimur árum. Það er dropi í haf eyndarinnar. Tala sem getur í besta falli talist friðþæging þegar lítið er til þess fjölda sem lönd á borð við Þýskaland og Svíþjóð taka við ár hvert og það er ekkert skjól í að miða við fjölsfjölda á Íslandi. Langt frá því.

Íslensk stjórnvöld þurfa því að láta reyna á ímyndunaraflíð, láta samkennd og mannúð ráða för og margfalda þann fjölda flóttafólks sem verður boðið velkomið til Íslands. Það er það eina rétta í stöðunni fyrir þjóð sem vill vera hluti af samfélagi þjóðanna og bera höfuðið hátt á alþjóðavettvangi. Það er það eina rétta í stöðunni fyrir stjórnvald sem vill geta horfst skammlaust í augu við þjóð sína.

Þjóð sem getur með brotabroti af ímyndunaraflí meistara Þórbergs sér til fulltingis gert betur, bjargað langtum fleiri mannlífum og tekið þeim opnum örmum. Því ef við getum ímyndað okkur betri heim þá getum við að sönnu breytt honum til betri vegar.



Íslensk stjórnvöld þurfa því að láta reyna á ímyndunaraflíð, láta samkennd og mannúð ráða för og margfalda þann fjölda flóttafólks sem verður boðið velkomið til Íslands.



TENNIS

er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjandanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.



Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

Halldór



Frá degi til dags

Stjórnarliðar í vörn
Leiðtogar stjórnarflokkanna eru komnir í vörn eftir mikla siglingu Pírata í skoðanakönnunum undanfarið. Formaður Sjálfstæðisflokksins segir Pírata vera rótlaua og nefnir þar Birgittu Jónsdóttur sem dæmi. Það er vissulega rétt að á einungis sjö árum hefur Birgitta tekið þátt í starfsemi þriggja stjórnmálaflokka. Hún er því í það minnsta víðförlu en margir aðrir félagar hennar á þingi.

Eitthvað að misskilja?
Á flokksþingi Pírata ræddi Birgitta um myndun kosningabandalags við aðra flokka fyrir næstu kosningar. En er Birgitta ekki eitthvað að misskilja skilaboð kjósenda í könnunum? Þegar kjósendur horfa til Pírata, eru þeir þá ekki einmitt að afþakka vinnuframlag þeirra sem Birgitta vill mynda bandalag með?

Flötur á samstarfi
Sú áhersla sem Birgitta lagði á stjórnarskrármál á flokksþinginu er þó góðra gjalda verð. Það er fullvíst að vel er hægt að ná samstöðu um breytingar á ákveðnum köflum stjórnarskrárinnar, líkt og oddvitar ríkisstjórnarflokkanna hafa báðir sagt. Og mikilvægt þegar seinni hálfleikur kjörtímabilsins er hafinn að yfirveguð umræða um þau mál hefjist strax á haustþingi.

jonhakon@frettabladid.is

Kjarasamningar og stjórnvöld



Þórunn Egilsdóttir
alþingismaður

Mikill órói var á vinnumarkaði síðastliðið vor, þar sem hart var tekið á í viðræðum um kjarasamninga. Tekist var á um hve háa upphæð hver og einn ætti að fá í launaumslagíð. Eins og oftast áður var ekki unnt að klára samninga einungis með því að einblína á launaumslag hvers og eins, heldur þurftu stjórnvöld einnig að koma að borðinu með ýmis framfarumál fyrir okkar þjóðfélag. Yfirlýsing stjórnvalda frá 28. maí varð til þess að þúsluspilið gekk upp og því lykillinn að því að langtímakjarasamningar tókust. Yfirlýsingin er því grundvallarplagg sem unnið verður eftir. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna eru ellefu liðir sem lúta að ýmsum sviðum skatta-, velferðar- og húsnæðismála sem og úrbótum á sviði hagstjórnar og opinberra fjármála. Þar má nefna að með aðgerðunum mun lækkun á tekjuskatti einstaklinga nema allt að 16 milljörðum króna á kjörtímabilinu. Það samsvarar tæpum 13% af tekjum ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga miðað við áætlun fjárlaga 2015. Ríkisstjórnin skuldbindur sig einnig til að skapa bætt skilyrði fyrir uppbyggingu á húsnæðismarkaði. Þannig verði stuðlað að fjölgun ódýrra og hagkvæmra íbúða með það að markmiði að tryggja tekjulágum fjölskyldum leiguhúsnæði til lengri tíma og ráðist í áttak um byggingu 2.300 félagslegra íbúða á tímabilinu 2016-19.

Einnig verður stuðlað að lækkun byggingarkostnaðar, meðal annars með endurskoðun byggingarreglugerðar og gjaldtöku sveitarfélaga. Húsnæðisbætur verða hækkaðar til að styðja við almennan leigumarkað og lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda og skattlagningu breytt í þeim tilgangi að lækka leiguverð og auka framboð á leigumarkaði. Þá verður komið sérstaklega til móts við þá sem kaupa sína fyrstu íbúð, m.a. með því að ungu fólki verði heimilt að nýta séreignarsparnað til þess. Fleiri aðgerðir, s.s. vegna lækunar á kostnaði sjúklinga og aukinna framlaga til starfsmenntunar, eru í yfirlýsingunni en hana má finna á vef forsætisráðuneytisins.

Margar þessara aðgerða krefjast nokkurrar vinnu á Alþingi vegna lagabreytinga. Við framsóknarmenn munum greiða fyrir framgangi þeirra.



Einnig verður stuðlað að lækkun byggingarkostnaðar.

Heimsins ólán



Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Ríkisstjórnin segist ætla að taka á móti fimm-tíu flóttamönnum undan vargöldinni í Sýrlandi á næstu tveimur árum, og hyggst velja þá af kostgæfni. Af hverju fimm-tíu? Mætti kannski spyrja – af hverju ekki fimm? Á fimm árum? Þá væri nú aldeilis hægt að velja af enn meiri kostgæfni það fólk sem talið er líklegt til að aðlagast íslenskum siðum.

Nú, eða þá kannski einn fimmta úr einum einstaklingi? Þá væri hægt að leyfa flóttamanni að vera hér í um tvo mánuði í senn og sjá hversu vel hann aðlagast...

Með dauðann á hælunum

Sá hugsunarháttur sem liggur að baki tilboði íslenska stjórnvalda um skjól hér fyrir fimm-tíu flóttamenn er ekki boðlegur. Við finnum það öll hversu nánasárlegt og smásálarlegt þetta er. Í þessu sambandi má rifja upp að Íslendingar tóku þátt í því frumhlaupi Bandaríkjamanna og fylgiríkja þeirra að ráðast inn í Írak, en stríðið í kjölfarið hefur sett allt í bál og brand í þessum heimshluta og leyst öfl úr læðingi sem fara fram með fádæma grimmd gagnvart varnarlausum almenningi, sem nú er á flotta. Íslendingar bera sína ábyrgð á þessu ástandi, þó að vissulega hafi þeir ekki átt þar stóran hlut að máli.

Heimurinn kemur okkur við. Það er erfitt að útskýra það, en svona er það nú samt: Íslendingar eru – þó að margur haldi kannski annað – partur af mannkyninu. Á þessari Jörð eru vandamálin af þeim toga að þau verða aldrei leyst nema sem sameiginlegt verkefni mannkyns, eigi það að eiga von um framtíð á þessari Jörð. Þessi vandamál eru ekki síst til

komin af vestrænum lifnaðarháttum og vestrænni rányrkju, vestrænni umgengni við auðlindir Jarðar og vestrænni afneitun á heimsins vá. Mannkynið er á fleygiferð, á flotta undan hungri og stríði um aðgang að vatni og öðrum grundvallarnaúðsynjum; það er á flotta undan glæpagengjum þar sem snaróðir karlar fara um í flokkum myrðandi, nauðgandi, eyðandi og kúgandi. Mannkynið er á flotta með dauðann á hælunum.

Heimurinn er hér og nú, þetta er okkar heimur, okkar veruleiki, hvernig sem við reynum að klemma aftur augun og halda fyrir eyrun: þetta er allt hérna samt. Steinn Steinarr orti um þetta ljóð einhvern tímann um miðja síðustu öld. Það hét Heimurinn og ég og eins og öll mikil ljóðlist er það sveipað einkennilegum leyndardómi. Þar segir frá því hvernig skáldinu og heiminum kom illa saman en náðu sáttum þegar lítið barn var „leitt á brott með voveiflegum hætti“ svo að heimurinn og skáldið komast að því að „lífið var á móti okkur báðum“. Loks endar ljóðið með þessum línunum, sem koma okkur enn við: „Því ólán mitt er brot af heimsins harmi, / og heimsins ólán býr í þjáning minni.“

Við erum með öðrum orðum öll börn Jarðarinnar. Heimsins ólán er okkar ólán. Mannkynið skipar sér í ólík samfélög en mennirnir eru ekki jafn ólíkir og hatursframleiðendur eru alltaf að reyna að segja okkur: mennirnir nota tungumál og verkfæri, þeir fæðast, lifa, borða, elska og deyja. Þeir hafa unun af því að skapa. Þeir hugsa, dansa og yrkja og syngja. Þeir skreyta sig og þeir hlæja – það er kannski mennskast af öllu. Og þeir brosa þegar þeir eru glaðir en tárast þegar þeir eru sorgmæddir. Aðrir menn eru ekki jafn óskiljanlegir og alltaf er verið að telja okkur trú um. Það er í sjálfu sér ekki flókið úrlausnarefni að skilja aðra manneskju, leggi hún sig fram og maður sjálfur líka. Sumir virðast hins vegar leggja sig í líma við að skilja ekki aðrar manneskjur. Hjörtum manna svipar kannski ekki endilega saman í Súdan og Grimsnesinu – en stelpa á Eyrarbakka getur



samt átt stelpu í Malaví sem vin á Facebook og þær geta talað um hluti sem afinn og amman á Eyrarbakka botna ekkert í.

Fólki fylgir vesen

Mannkynið er á fleygiferð og vatnsborð hækkar, hitinn eykst, fólkinu fjölgar, neyðin vex. Jörðin er að visu afskaplega stór og óumræðilega gjöful, svo að á allsnægtum hennar virðist ekkert lát, kunnir mennirnir með þær gjafir að fara, en það hafa þeir bara því miður ekki enn þá lært, þrátt fyrir allt sitt vit – eða kannski öllu heldur vegna þess. Heimsins ólán verður ekki bætt með því að „við“ lokum að okkur, heldur þvert á móti: opnum þessi hífýli vindanna sem landið okkar er að stórum hluta.

Ísland hefur ýmislegt að bjóða því fólki sem hingað vill flytja og hér kys að búa – sem er alls ekki auðvelt hlutskipti fyrir þau sem alin

eru upp í sólríkum og gróðursælum löndum. Fólki fylgir alltaf vesen. Það aðhyllist alls konar fjaránlegar hugmyndir, hefur skrytna síði, talar undarlega. Það verða árekstrar – það má: en þegar þeir koma stökkvandi, hatursframleiðendurnir sem vilja næra ágreining hvar sem því verður við komið, og hella olíu á eldinn – þá má ekki hlusta á þá. Við speglum hvert annað: sé vel komið fram við fólk kemur það vel fram á móti, og hið sama gildir um þá sem mætt er með tortryggni og andúð. Eigi maður erfitt með að vera innan um alls konar fólk er alltaf hægt að flytja í Þaralátursfjörð og lifa þar af landsins gæðum, og er fullkomlega virðingarvert sjónarmið, en aðrir þola vel að til sé fjölbreytt mannlíf, og alls konar mannlégt vesen. Þannig erum við flest.

Fólki fylgir alltaf alls konar vesen – en því fylgja líka möguleikar, nýir litir, ný dansspor, nýr matur, ný orð, ný bros, nýtt líf.



7 ára ábyrgð á öllum
nújum Kia bílum

www.kia.com

Ævintýrin bíða þín í Rio



RIO



The Power to Surprise

Einn sparneytnasti dísilbíll í heimi

Kia Rio er kraftmikill og sparneytinn dísilbíll sem fer með þig á vit ævintýrana. Hann er ríkulega búinn spennandi staðalbúnaði og eyðir um 3,6 l/100 km í blönduðum akstri. CO₂ í útblæstri er með því minnsta sem þekkest og þess vegna má leggja honum frítt í Reykjavík, 90 mínútur í senn. 7 ára ábyrgð fylgir nújum Kia Rio.

Verð frá **2.550.777 kr.**

Útborgun aðeins 10% eða **255.077 kr.***

Kia Rio LX 1,1 — dísil, beinskiptur.

*M.v. lán í 84 mánuði. Afborgun 38.777 kr. Vextir 9,4%. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,14%.

Kia Rio bíður þín í Öskju, Krókhálsi 11. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsland

Stjarnan bikarmeistari eftir dramatískar lokamínútur í Laugardalnum



Mikil gleði hjá Stjórnunni Stjarnan átti ótrúlega endurkomu í bikarúrslitaleiknum gegn Selfossi. Skoraði tvö mörk í lokin og vann leikinn 2-1. Donna Kay Henry skoraði mark Selfoss en Poliana og Harpa Þorsteinsdóttir skoruðu fyrir Stjórnuna. Stjórnustelpur fagna hér eftir leikinn. Fréttablaðið/Anton

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Swansea	2-1	Man. Utd	
Southampton	3-0	Norwich	
Newcastle	0-1	Arsenal	
Stoke	0-1	WBA	
Bournemouth	1-1	Leicester	
Liverpool	0-3	West Ham	
Chelsea	1-2	Crystal Palace	
Aston Villa	2-2	Sunderland	
Tottenham	0-0	Everton	
Man. City	2-0	Watford	
Efst		Neðst	
Man. City	12	Tottenham	3
C. Palace	9	Watford	2
Leicester	8	Stoke City	2
Swansea	8	Newcastle	2
Man. Utd	7	Southampton	2
Arsenal	7	Sunderland	2

Hvað gerði Gylfi?

Gylfi Þór Sigurðsson var að vanda í byrjunarliði Swansea sem vann glæsilegan sigur á Man. Utd. Gylfi lagði upp fyrri mark Swansea í leiknum en það var fyrsta markið sem Man. Utd fær á sig í deildinni í vetur.



Stærstu úrslitin Crystal Palace er að koma allra liða mest á óvart í upphafi leiktíðar. Liðið gerði sér lítið fyrir og vann útsigur gegn Chelsea. Aðeins annað heimaleikjafat Chelsea í deildinni undir stjórn Jose Mourinho í 100 leikjum.

Hetjan Joel Ward skoraði markið sem stuðningsmenn Crystal Palace eiga aldrei eftir að gleyma. Markið kom níu mínútum fyrir leikslok.

Kom á óvart Það var ótrúleg spjaldagleði dómara sem gáfu rauð spjöld eins og nammí um helgina. Alls var rauða spjaldinu lyft sex sinnum í leikjum helgarinnar og á stundum fyrir litlar sakir fannst mörgum.

Verðum að læra að halda haus

Landsliðsfyrirliðinn Hlynur Bæringsson er nokkuð sáttur með stöðuna á liðinu þegar stutt er í EM. Strákarnir fengu skell í gær gegn Belgum en allir sluppu óskaddaðir úr átökum helgarinnar.

KÖRFUBOLTI „Þetta var ekki gott. Þeir voru frábærir en við vorum slakir. Það var bara þannig.“ segir landsliðsfyrirliðinn Hlynur Bæringsson en körfuboltalandsliðið fékk á baukinn gegn Belgum í gær og tapaði með 40 stiga mun, 86-46.

Þetta var síðasti æfingaleikur strákanna áður en alvaran hefst á EM í Berlín. Á föstudaginn töpuðu þeir fyrir Pólverjum, 80-65, en á laugardag lögðu þeir Libanon, 96-75.

„Við hittum vel á það gegn Libanon en núna datt ekkert. Svo fór allur vindur úr þessu hjá okkur. Það var ekki nógu mikil orka í þessu. Ef hinir vinna með 40 stigum þá eru þeir einfaldlega miklu betri.“

Strákarnir munu mæta mörgum af bestu körfuboltaliðum Evrópu á EM og þar gæti liðið fengið skelli. Er gott eða slæmt að fá einn svona skell áður en haldið verður til Berlín?

„Ég veit ekki hvort maður græði einhvern tímunn á því að fá svona skell. Við vitum allveg út í hvað við erum að fara og verðum að hafa hausinn í lagi og klára svona leiki þar sem er á brattann að sækja. Við verðum að vera klárir í að halda áfram sama hvað á gengur. Hausinn fór niður hjá mönnum í þessum leik og það má ekki gerast á EM. Það er alltaf vont að tapa leikjum en það er alltaf verri tilfinning ef maður tapar og missti hausinn löngu áður en leikurinn var búinn.“

Strákarnir hafa fengið finan undirbúning fyrir stóru stundina. Æfingaleikir heima, mót í Eistlandi og svo loks þetta mót í Póllandi.

„Staðan á liðinu er fin í heildina séð. Mér finnst hafa gengið ágætlega í sumar

Leikjaplan Íslands á EM



- 5. sept. Þýskaland - Ísland kl. 13.00
- 6. sept. Ísland - Ítalía kl. 16.00
- 8. sept. Ísland - Serbía kl. 13.30
- 9. sept. Ísland - Spánn kl. 19.00
- 10. sept. Ísland - Tyrkland kl. 19.00

og það verður bara að hafa það að við höfum fengið einu sinni á kjaftinn núna í restina. Við erum alltaf að bæta okkur og svo verður að koma í ljós hvort það dugar eitthvað í Berlín.“ segir Hlynur en allir leikmenn sluppu óskaddaðir frá helginni í Póllandi og Pavel Ermolinskij spilaði í 20 mínútur í gær.

„Við förum til Berlín og höldum áfram sömu vinnu. Reyna að finna leiðir þar sem við getum refsað liðunum. Finna einhverja veikleika sem við getum nýtt okkur.“

Strákarnir lögðu af stað til Berlínar í morgun. Sumarið er búið að vera langt og strangt. Menn hafa lagt mikið á sig og nú er loksins komið að því að þeir stígi á stóra sviðið.

„Þessi veruleiki hefur verið víðs fjarri hjá okkur í körfuboltalandsliðinu í mörg ár. Þetta er nýtt fyrir okkur og verður ótrúlega gaman.“ segir Hlynur en hann telur niður dagana í fyrsta leik.

henry@frettabladid.is



Hlynur er farinn að telja niður dagana í fyrsta leikinn í Berlín. Fréttablaðið/Ernir

Pepsi-deild karla

ÍBV 3-0 Keflavík

1-0 Ian Jeffs (31.), 2-0 Gunnar Heiðar Þorvaldsson, viti (38.), 3-0 Hafsteinn Briem (73.).

Vonir Keflvíkinga um að spila í Pepsi-deildinni næsta sumar fuku endanlega út um gluggann í þessum leik.

FH 1-0 Víkingur

1-0 Steven Lennon, viti (39.). FH er komið með sex stiga forskot og sex fingur á bikarinn.

KR 2-2 Valur

0-1 Kristinn Ingi Halldórsson (1), 1-1 Kristinn Freyr Sigurðsson, sjm (33.), 1-2 Sigurður Egill Lárusson (52.), 2-2 Almar Ormarsson (90.+1).

Eftir tvö töl fyrir Val í sumar náði KR loksins í stig. Það er ekki nóg og titilvönirnar eru dánar.

Fylkir 0-0 ÍA

Bæði lið stig fjær falli eftir leik sem fær ekki háa einkunn fyrir gæði.

Fjölnir 1-1 Stjarnan

1-0 Gunnar Már Guðmundsson (24.), 1-1 Guðjón Baldvinsson (77.). Fyrsta mark Guðjóns fyrir Stjórnuna í sumar.

Breiðablik 0-0 Leiknir

Jonathan Glenn hefði getað tryggt Blikum sigur í uppbótartíma en skaut hátt yfir markið.

Efri hluti	Neðri hluti
FH	Víkingur
Breiðablik	Stjarnan
KR	ÍA
Valur	ÍBV
Fjölnir	Leiknir
Fylkir	Keflavík

Í dag

21.00 Messan


Sport 2

BORG

FASTIGNAÐALA

Þessi síða er
frjáls að
notkun

519 5500



2024
2024
2024

Opil Hlíðarvegur 2, nýtt 2024, 1000 m²

Alfaheim

Þessi eign er í góðri staði og er hún hagnátt. Hún er byggð með bestu efnum og er hún hagnátt. Hún er byggð með bestu efnum og er hún hagnátt.

Verð 7.000.000

Frjáls
Fastignar
Láns
Láns



2024
2024
2024

Opil Hlíðarvegur 2, nýtt 2024, 1000 m²

Liðingur

Þessi eign er í góðri staði og er hún hagnátt. Hún er byggð með bestu efnum og er hún hagnátt.

Verð 8.000.000

Frjáls
Fastignar
Láns
Láns



2024
2024
2024

Staðarvegur

Þessi eign er í góðri staði og er hún hagnátt. Hún er byggð með bestu efnum og er hún hagnátt.

Verð 11.000

Frjáls
Fastignar
Láns
Láns



2024
2024
2024


Opil Hlíðarvegur 2, nýtt 2024, 1000 m²

Sólval

Þessi eign er í góðri staði og er hún hagnátt. Hún er byggð með bestu efnum og er hún hagnátt.

Verð 9.000.000

Frjáls
Fastignar
Láns
Láns



2024
2024
2024

Sölubíðing

Þessi eign er í góðri staði og er hún hagnátt. Hún er byggð með bestu efnum og er hún hagnátt.

Verð 12.000.000

Frjáls
Fastignar
Láns
Láns



2024
2024
2024

Vilbjörg 45 - 200 Rápa vegur

Þessi eign er í góðri staði og er hún hagnátt. Hún er byggð með bestu efnum og er hún hagnátt.

Verð 10.000.000

Frjáls
Fastignar
Láns
Láns

LÓÐIR OG LAND TIL SÖLU

Elstíflóðir á milli í Hofvegum
200 Rápa vegur
Verð 7 m²

Þessi eign er í góðri staði og er hún hagnátt. Hún er byggð með bestu efnum og er hún hagnátt.

Verð 8500000

Janar, laði í Borgum
Verð 37.500 m²

140 ha stóra gróð, laði á milli í Borgum

Háttanbíðing fastignar
Verð 8404000

Ívöðuláði í Laugarvígi
100 Rápa vegur
Verð 10 m²

Þessi eign er í góðri staði og er hún hagnátt. Hún er byggð með bestu efnum og er hún hagnátt.

Verð 6000000

Elstíflóðir á milli í Hofvegum
100 Rápa vegur
Verð 30.5 m²

Þessi eign er í góðri staði og er hún hagnátt. Hún er byggð með bestu efnum og er hún hagnátt.

Verð 7772000

Verð á milli í Hofvegum
100 Rápa vegur
Verð 11.500 m²

Þessi eign er í góðri staði og er hún hagnátt. Hún er byggð með bestu efnum og er hún hagnátt.

Verð 8975000

Láði í Hofvegum og Hofvegum
100 Rápa vegur
Verð 10.000 m²

Háttanbíðing fastignar
Verð 8404000

Láði á milli í Hofvegum
100 Rápa vegur
Verð 10 m²

Þessi eign er í góðri staði og er hún hagnátt. Hún er byggð með bestu efnum og er hún hagnátt.

Verð 8404000

Láði á milli í Hofvegum
100 Rápa vegur
Verð 10 m²

Háttanbíðing fastignar
Verð 8404000

Verð 519 5500



TÍMAMÓT

Merkisatburðir

- 1314** Hákon háleggur færir höfuðborg Noregs frá Björgvin til Óslóar og lét reisa þar Akershuskastala.
- 1422** Hinrik 6. verður Englandskonungur, en hann var aðeins níu mánaða þegar hann tók við krúnunni.
- 1888** Kobbi kviðrista lætur til skarar skriða þennan dag og myrti sitt fyrsta fórnarlamb. Alls féllu fimm konur í valinn á nokkrum mánuðum hjá þessum skaðræðisvaldi. Kobbi kviðrista fannst þó aldrei og var því ekki sóttur til saka fyrir ódæðin.
- 1897** Thomas Alva Edison fær einkaleyfi á fyrstu kvikmyndasýningarvélinni.
- 1919** Jóhann Sigurjónsson andast, þá þrjátíu og níu ára gamall.
- 1944** Breski herinn kemst yfir hina svokölluðu Gotalínu á Ítalíu og hrekur ítalska herinn til baka með skottið á milli lappanna.
- 1944** Íþróttabandalag Reykjavíkur er stofnað.
- 1955** Fyrsta sólarorkuknúna bifreiðin er frumsýnd og er það William G. Cobb sem tók það verkefni að sér.
- 1980** Verkalýðshreyfingin Samstaða er stofnuð í skipasmiðastöðinni Gdansk í Póllandi.
- 1991** Kirgisistan og Úsbekistan lýsa yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.
- 2005** Hoyvíkursamningurinn svokallaði er undirritaður í Færeyjum, en hann er fri-verslunarsamningur milli Íslands og Færeyja.

ÞETTA GERÐIST
30. ÁGÚST 1997

Diana prinsessa lést í bílslysi

Lafði Diana Spencer, eða Diana prinsessa eins og hún var iðulega kölluð, lést þennan dag árið 1997 í bílslysi í Pont de l'Almagöngunum í París. Auk Diönu voru í bílnum kærastinn hennar, auðjófurinn Dodi al Fayed, bílstjórinn Henri Paul og lífvörðurinn hennar Trevor Rees-Jones, og lífði sá síðastnefndi einn af. Er talið að bílstjórinn hafi blindast af flassi ljósmyndavéla sem ágengir ljósmyndarar notuðust við til að ná parinu saman, og fylgdu hvert fótmál, en billinn var á ofsahraða þegar hann skall á steypa súlu í göngunum. Í ljós kom eftir átján mánaða rannsókn að ökumaðurinn var undir áhrifum áfengis. Diana var áður gift Karli Bretaprinsi og ól honum synina Harry og Vilhjálmi, en þau skildu árið 1996 eftir fimmtán ára hjóna-



band. Dauði Diönu hlaut heimsathygli og hafa samsæriskennigarnar hlaðist upp, en margir telja árekssturinn alls ekkert sly, heldur útspil bresku konungsfjölskyldunnar svo Karl gæti gíft æskuástinni sinni, Camillu Parker, og segja það hafa verið hlutverk MI6, eða leyniþjónustunnar, að koma Diönu fyrir kattarnef. Diana var jörðuð þann 6. september 1997 og fylgdust tveir og hálfur milljarður manns með sjónvarpsútsendingum frá athöfninni í Westminster Abbey.



Brynjar Halldórsson vann doktorsverkefni sem snerist að hluta til um það að öðlast betri skilning á tiltekinni árátthegðun.

Kviðasjúklingar fá meiri aðstoð í Englandi en hér

Brynjar Halldórsson lauk doktorsvörn í klínískri sálfræði við háskólann í Bath í Englandi. Verkefni hans fjallaði um hugræna athyglismeðferð við heilsukvíða og árattu- og þráhyggjuröskun. Hann segir að aðgengi að meðferðarúræðum sé mun betra á Englandi en hér heima.

Brynjar Halldórsson lauk á dögunum doktorsvörn í klínískri sálfræði við háskólann í Bath í Englandi. Doktorsverkefni Brynjars gekk út á að rannsaka hegðunarmynstur fólks með heilsukvíða og einnig fólks með árattu- og þráhyggjuröskun, auk þess að þróa ný meðferðarinngríp innan hugrænnar atferlismeðferðar við þessum flóknu kviðavandamálum.

Leiðbeinandi Brynjars var Paul Salkovskis sem Brynjar segir brautryðjanda í hugrænni atferlismeðferð í heiminum og hefur hann sérhæft sig í meðferð á árattu- og þráhyggjuröskun.

„Það er hægt í mjög einfölduðu máli að líkja kviðaröskunum við ís. Rétt eins og það eru til margar bragðtegundir af ís, þá eru til mismunandi afbrigði af kviða en allar kviðaraskanir hafa þó eitthvað sameiginlegt rétt eins og allur ís er kaldur. Sem dæmi má nefna að öllum kviðaröskunum fylgja einhverj líkamleg einkenni.“

„Eitt afbrigði kviða er félagsfælni, annað er ofsakvíði og svo er til árattu- og þráhyggjuröskun og svo mætti áfram telja,“ segir Brynjar. Hann segir árattu- og þráhyggjuröskun einkennast af því að fólk upplifir uppþrengjandi hugsanir, ímyndir eða efa sem því finnist sérstaklega óþægilegt. Algengt er að þema þráhyggju snúist um hreinlæti eða ótta um að maður hafi eða muni skaða sjálfan sig/eda aðra. Til að losna við eða tækla þessar upplifanir bregst fólk oft við með árattukenndri hegðun. Sem dæmi má nefna að algengt er að fólk sem hefur þráhugsanir um hreinlæti þvoir sér endurtekið, oft svo klukkustundum skiptir. „Það er mikilvægt að fólk sem er með þráhugsanir viti að þessar hugsanir eru eitthvað sem allir upplifa að einhverju leyti. Hins

vegar túlkar fólk með árattu og þráhyggju þessar upplifanir á mun verri hátt en flestir aðrir,“ segir Brynjar.

Með árattunni er ætlunin að koma í veg fyrir að það sem fólk óttast að gerist, gerist í raun og veru. En slík viðbrögð duga skammt. „Fólk heldur að það sé að koma í veg fyrir vandamálið en er í raun að viðhalda vandinum,“ segir Brynjar. Heilsukvíða segir hann vera áþekkan árattu- og þráhyggjuröskun. Þá óttast fólk að það sé haldið eða muni þróa með sér alvarlegan sjúkdóm, til dæmis krabbamein. Af þeim sökum upplifir fólk mikinn kviða og eyðir miklum tíma í að leita sér upplýsinga um sjúkdóma og leita endurtekið áliti heilbrigðisstarfsfólks og krefjast oft alls kyns læknisrannsóknna.

„Hluti af mínu doktorsverkefni var að reyna að öðlast betri skilning á tiltekinni árattuhegðun sem er algeng og meðal fólks með þessar tvær kviðaraskanir og þróa nýja meðferðartækni til að tækla þessa tilteknu hegðun sem við sýndum fram á að viðheldur þessum kviðavandamálum,“ segir Brynjar.

Brynjar útskrifaðist frá Háskóla Íslands sem sálfræðingur. Þá vann hann í kjölfarið á geðsviði Landspítalans áður en hann fluttist út til Englandis árið 2009 og hóf sérnám í hugrænni atferlismeðferð við Institute of Psychiatry, King's College London. „Á þeim tíma tók ég þátt í risastóru verkefni sem fólst í því að þjálfra heilbrigðisstarfsfólk í því að veita hugræna atferlismeðferð við þunglyndi og algengum kviðavandamálum og gera þessa meðferð aðgengilega á heilsugæslustöðvum í Englandi. Þetta verkefni hefur vakið mikla athygli víðs vegar um heim. Í stuttu máli var reiknað út til London School of Economics að ríkið myndi til lengri tíma spara á því að fjárfesta í þjálfun heilbrigðisstarfsmanna til að

Það er hægt að líkja kviða við ís. Þegar þú skoðar ís ertu með margar bragðtegundir og það er eins með kviða. Eitt afbrigði kviða er félagsfælni, annað er ofsakvíði og svo er til árattu- og þráhyggjuröskun og svo framvegis.

Brynjar Halldórsson, sálfræðingur.

veita þunglyndis- og kviðasjúklingum viðurkennda meðferð á heilsugæslustöðvum. Slíkt myndi koma fólki út á vinnumarkaðinn, sem myndi skila sér í auknum skattgreiðslum til ríkisins og draga úr kostnaði vegna örorku- og endurhæfingarlífeyris,“ segir Brynjar, sem hefur undanfarin sex ár unnið við að veita slíka meðferð þar úti.

„Eins og staðan er í dag í Englandi getur fólk með kviða og þunglyndi leitað á heilsugæslustöðvar og fengið hugræna atferlismeðferð. Þetta er að einhverju leyti í boði heima en úrræðin eru vandfundin því það eru fáir sálfræðingar ráðnir til starfa á heilsugæslum sem sinna sérstaklega meðferð fyrir fullorðna,“ segir Brynjar. „Það er mun betra aðgengi hérna úti. Þetta er verkefni sem væri áhuga-vert að athuga hvort hægt væri að setja upp heima í einhverri mynd. Veruleikinn er sá að heima er sálfræðipjónusta ekki niðurgreidd en hún er ókæppis hérna úti.“

Brynjar er nú með klínískra rannsóknarstöðu við háskólann í Reading í Englandi þar sem hann rannsakar kviðaraskanir í börnum og vinnur að því að þróa meðferðarúræði sérstaklega fyrir börn.

thorgnyr@frettabladid.is

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

KÆRLEIKSÞJÓNUSTA Í 66 ÁR



Ný heimasíða – útfor.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma, **Sigurbjörg Sigfinnsdóttir (Sissa)**

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði 19. ágúst. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju, Álftanesi, föstudaginn 4. september kl. 13.00.

Grétar Geirsson
Vilborg Elma Geirsdóttir
Sigrún Geirsdóttir
Kristín Geirsdóttir

Lára Kristjánsdóttir
Gylfi Adolfsson
Guðmundur Haraldsson
Ómar Kristinsson
og fjölskyldur.


Granít Stolarar

Mikið úrval lögsteina og fylgihluta
Á GÓÐU VERÐI

Granít
Stein



Pallblánn og frágenginn
verð aðeins kr. 309.900



Pallblánn og frágenginn
verð aðeins kr. 239.900



Pallblánn og frágenginn
verð aðeins kr. 299.900




Pallblánn og frágenginn
verð aðeins kr. 319.900



Pallblánn og frágenginn
verð aðeins kr. 159.900




Pallblánn og frágenginn
verð aðeins kr. 119.900



Granítsteinas.is - Helluhrauni 2 - Hafnarfjörður - Sí: 544-5100

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Mánudagur



Hæg vestlæg eða breytileg átt. Skýjað með köflum eða bjartviðri, en skýjað og sums staðar lítilsháttar súl vestan til á landinu. Hiti 7 til 16 stig, hlýjast á Suðaustur- og Austurlandi.

Þriðjudagur

Reykjavík ☁ 10° ↘ 1	Ísafjörður ☁ 9° ↗ 8	Akureyri ☀ 12° ↓ 2	Reykjavík ☁ 10° ↑ 3	Ísafjörður ☁ 9° ↗ 8	Akureyri ☀ 12° ↘ 3
Egilsstaðir ☀ 12° ↑ 1	Kirkjubæjarkl. ☀ 12° ↖ 3	Hveravellir ☀ 9° ↑ 3	Egilsstaðir ☀ 13° → 1	Kirkjubæjarkl. ☀ 15° ↑ 1	Hveravellir ☀ 9° ↘ 2

Miðvikudagur

Þrautir

Krossgáta

LÁRÉTT

- 2. hita,
- 6. frá,
- 8. dýrahljóði,
- 9. jarðsprunga,
- 11. tveir eins,
- 12. að gata,
- 14. dans,
- 16. tveir eins,
- 17. eyrir,
- 18. umfram,
- 20. leyfist,
- 21. snudda.

LÓÐRÉTT

- 1. gól,
- 3. tvíhljóði,
- 4. umhverfis,
- 5. fugl,
- 7. hlekkjun,
- 10. svíf,
- 13. líða vel,
- 15. rænuleysi,
- 16. fljótfærni,
- 19. mun.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LÁRÉTT: 2. baka, 6. af, 8. urt, 9. glá, 11. í, 12. góttun, 14. tangó, 16. í, 17. aur, 18. auk, 20. má, 21. snúð. LÓÐRÉTT: 1. gægg, 3. au, 4. kringum, 5. an, 7. fótun, 10. áta, 13. una, 15. óráð, 16. í, 19. kn.

Skák Gunnar Björnsson

Nakamura (2814) vann glæsilegan sigur á Wesley So (2789) á Sinquefield Cup. Hann hafði þegar farnað tveimur þedum.



Svartur á leik

26...Rxe4!! 27.Hd1 Hxf3! 28.Hxd7 Hf1+! 29.Kg2 Be3!! 30.Bg3 hxg3! 31.Hxf1 Rh4+ 32.Kh3 Dh6 33.g5 Rxc5+ 34.Kg4 Rhf3! 35.Rf2 Dh4+ 36.Kf5 Hf8+ 37.Kg6 Hf6+! 38.Kxf6 Re4+ 39.Kg6 Dg5#. Glæsilega teft!

www.skak.is Fjör í St. Louis.

Sudoku

LÉTT

	1	8		2	4	9		7
		7			6		3	
			8					6
	2	3	5					
	5		6			8		
				2	3	9		
5	7			3	1	4	6	
			4	7		1		
1	9					7		

MÍDLUNGS

6			9	3			2	5
		3		6				
	9		7		1			
			1	3	9	5		
		6		9	4	3	2	
7						8		
		1	3	5			9	
						5	8	
		2				4	1	

ÞUNG

	9			3			4	2
		5	1		4			6
			8	9			5	
						4	3	
	5				7			
2			9					
3			5			7	1	
		6		2				
			3		8			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudokuro

6	3	8	7	9	1	5	4	2
5	7	4	8	3	2	9	6	1
1	2	9	4	5	6	8	3	7
3	4	1	2	7	8	6	9	5
7	6	5	1	4	9	2	8	3
8	9	2	3	6	5	7	1	4
9	8	3	5	2	4	1	7	6
2	1	7	6	8	3	4	5	9
4	5	6	9	1	7	3	2	8
7	1	2	3	8	5	9	4	6
3	4	8	6	7	9	5	1	2
5	6	9	1	2	4	7	8	3
6	5	4	7	9	1	2	3	8
9	7	1	8	3	2	4	6	5
2	8	3	4	5	6	1	7	9
8	9	6	2	1	7	3	5	4
4	2	7	5	6	3	8	9	1
1	3	5	9	4	8	6	2	7
8	7	1	3	5	2	4	9	6
9	3	6	4	1	7	2	5	8
2	4	5	6	8	9	7	1	3
1	8	9	5	7	3	6	2	4
3	6	7	2	4	1	5	8	9
4	5	2	8	9	6	1	3	7
5	9	3	7	2	4	8	6	1
6	2	4	1	3	8	9	7	5
7	1	8	9	6	5	3	4	2

Myndasögur


PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



STÖÐ 2 KYNNIR
Í SAMSTARFI VIB HLJÓÐ

BESTU LÖG BJÖRGVINS

HÁSKÓLABÍÓ LAUGARDAGINN 26. SEPTEMBER
MIÐSALA HAFIN!

STÖB 2 KYNNIR

Í SAMSTARFI VIB HLÖB




HÁSKÓLABÍÓ LAUGARDAGINN 26. SEPTEMBER

BESTU LÖG BJÖRGVINS

ÞÚ GETUR HALLDÓRESUM VERÐUR Á ÞESSUM DÆGUM MÖTUM OG FLITTUR MÖG AF EÐNUM BESTU LÖGUM ÁSAMPT FRÁ JÓRÐI HL JÓRNETT

MIDASALA HAFIN Á MIÐLIS OG Í SÍMA 540 9800



DAGSKRÁ

Mánudagur

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 The Middle
08.25 The Goodwin Games
08.50 2 Broke Girls
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Um land allt
10.40 Matargleði Evu
11.05 Gulli byggir
11.30 Back in the Game
11.50 Harry's Law
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
14.25 American Idol
15.50 Hart of Dixie
16.35 ET Weekend
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Pepsimörkin á Stöð 2
18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.25 Mike & Molly
19.45 Grand Designs
20.35 Suits (9:16) Fimmta þáttaröðin um hinn eitursnjalla Mike Ross, sem áður fyrr hafði lifbrauð sitt af því að taka margvisleg próf fyrir fólk gegn greiðslu. Lögfræðingurinn harðsvirði Harvey Specter kemur auga á kosti kauða og útvegar honum vinnu á lögfræðistofunni.
21.20 Show Me A Hero (2:6) Magnaðir þættir úr smíðju HBO og David Simon, sem skrifaði hina vinsælu þætti The Wire.
22.20 Orange is the New Black (12:14) Þriðja þáttaröðin af þessum verðlaunabáttum um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum.
23.20 Empire
00.05 The Brink
00.30 Ballers
00.55 The Strain
01.40 Last Week Tonight With John Oliver
02.10 Bones
02.50 Forever
03.35 Conan The Barbarian
05.25 Mike & Molly
05.45 Fréttir og Ísland í dag

Mike & Molly,
16.50

SPORT

07.00 Pepsi deildin 2015
08.50 Pepsimörkin 2015
12.30 Ítalski boltinn 2015/2016
14.10 NBA
14.35 Pepsi deildin 2015
16.25 Pepsimörkin 2015
17.20 Spænski boltinn 2015/2016
19.00 Spænsku mörkin 2015/2016
19.30 Ítalski boltinn 2015/2016
21.10 Ítalski boltinn 2015/2016
22.50 UFC Now 2015
23.40 NBA
00.05 Spænsku mörkin 2015/2016

SPORT 2

07.00 Premier League 2015/2016
08.40 Premier League 2015/2016
12.35 Premier League 2015/2016
14.15 Premier League World
14.45 Premier League 2015/2016
16.25 Premier League 2015/2016
18.05 Goðsagnir efstu deildar
18.50 Premier League 2015/2016
20.30 Football League Show 2015/16
21.00 Messan
22.15 Premier League 2015/2016
23.55 Enska 1. deildin 2015/2016

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suður-land
FM 96,7 Lítt Bylgjan

FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga

STÖÐ 3

16.45 World's Strictest Parents
17.45 One Born Every Minute
18.35 Suburgatory
19.00 Who Do You Think You Are
19.45 Wilfred (12:13)
20.10 Drop Dead Diva (1:13) Í þessari fjórðu syru af Drop Dead Diva höldum áfram að fylgjast með ævintýralegu lífi og starfi Jane Bingum, sem er sem kunnugt er sál bráðhuggulegrar fyrirsætu sem föst er í líkama lögmannsins Bingum.
20.55 No Ordinary Family (15:20) Spennandi og gamansamir þættir um ósköp venjulega fjölskyldu sem býr í bænum Pacific Bay í Kaliforníu og öðlast skyndilega yfirnáttúrlega hæfileika eftir flugslys sem þau lentu í á ferðalagi sínu til Brasilíu.
21.40 Strike Back (4:10) Fjórða syru þátta sem byggðir eru á samnefndri sögu eftir fyrrverandi sérsveitarmann í breska hernum. Þættirnir eru framleiddir af HBO og fjalla um liðsmenn sérsveitarinnar bresku leynipjónustunnar MI6 sem sendir eru til að vinna hættuleg verkefni um víða veröld.
22.25 Justified
23.10 Last Ship
23.55 Who Do You Think You Are
00.40 Wilfred
01.05 Drop Dead Diva
01.50 No Ordinary Family
02.35 Strike Back
03.20 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

RÚV

16.25 Íslendingar (7:11) (Magnús Ingimarsson)
17.20 Tré fú Tom (12:13) (Tree Fu Tom)
17.42 Um hvað snýst þetta allt? (43:52) (What's the Big Idea?)
17.47 Loppulúði, hvar ertu? (34:52) (Floopaloo, Where are You?)
18.00 Skúli skelfir (22:24) (Horrid Henry)
18.11 Verðlaunafé (11:12) (Shaun the Sheep Champion Sheep)
18.15 Táknálsfréttir
18.25 Andraland (4:7)
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Minni (Memory) Heimildarmynd frá BBC. Minningar móta persónugerð okkar án þess að við skiljum nákvæmlega hvernig. Í þættinum skoðar leikkonan og rithöfundurinn Maureen Lipman minningar, eins og dagbók lífsins, óttann við minnisleysi og reynir að átta sig á hvernig minni einstaklingsins virkar.
21.00 Vitnin (4:6) (Öyevitne) Norsk sakamálabáttaröð. Tveir unglingsdrengrir verða vitni að blóðbaði á afskekktum stað í skóginum. Af ótta við að upp komist um tilfinningar sem þeir bera hvor til annars og af ótta við áráðarmanninn, ákveða þeir að þegja yfir þessari lífsreynslu. Aðalhlutverk: Odin Waage og Axel Gehrken Bøyum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 20.000 dagar á jörðu (20.000 Days on Earth)
00.00 Kastljós
00.30 Fréttir
00.45 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Tour 2015
14.00 Golfing World 2015
14.50 Inside The PGA Tour 2015
15.15 PGA Tour 2015
21.15 PGA Tour 2015 – Highlights
22.10 Golfing World 2015
23.00 PGA Tour 2015 – Highlights



19:35

GRAND DESIGNS

Flottir þættir þar sem farnar eru ótroðnar slóðir við byggingu á húsum með stíl. Nútíma byggingarlist í sinni djörfustu mynd!

SKEMMTILEGUR
MÁNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:35

SUITS

Skemmtileg þáttaröð um hinn eitursnjalla Mike Ross og lögfræðinginn Harvey Specter en þeir félagarnir fara ekki alltaf eftir lagabókstafnum.



21:20

SHOW ME A HERO

Bandaríska stjórnin hefur ákveðið að byggja félagslegar íbúðir í þeim hluta New York sem hvítur meirihlutinn býr í og skapar þetta mikið ósætti.



21:20

ORANGE IS THE NEW BLACK

Stórskemmtilegir þættir um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi mörgum árum fyrr.



22:00

THE WOLVERINE

Hörkuspennandi mynd með Hugh Jackman í aðalhlutverki um Wolverine sem er kallaður til Japan og lendir þar í stórhættulegum aðstæðum.



21:40

STRIKE BACK

Frábær þáttaröð sem byggð er á samnefndri sögu eftir fyrrum sérsveitarmann í breska hernum.



18:00

ÁFRAM DIEGÓ, ÁFRAM!

Diegó er alltaf að lenda í spennandi ævintýrum því hann vinnur sem dýrabjörgunarmaður.



LivLife

10. APRIL 2022

Hollráð Lambalejots að betra sambandi

Nr. 48 | LÁTIÐ STANDA OG MARINERAST, SHÚB ÖÐRU HY ERJU



1



Grilluðu í
karríngi / Marinerau

- Þú ert gróðurgrilluð og
hústi á lambalejti:

STRAIGHT OUTTA COMPTON

LAUGARÁRSBÍÓ *Sýningartímar*

STRAIGHT OUTTA COMPTON	7, 10
ABSOLUTELY ANYTHING	8, 8
THE GIFT	10
MINI ÖNG - EINS TAL 2D	8

SAMBIÓIÐ NÁÐU Í SAMBÍÓ APPID ÞÁÐ MARGEORGAR SIG

NYJASTA MYND GUY RICHIE LEIKSTJÓRA SNATCH OG SHERLOCK HOLMES

Það muna allir eftir ógleymanlegu grímmyndunum um Griswold fjölskylduna. Nú er komið að sýningum að fara með sína fjölskyldu í!!!

"VACATION ER FYNDASTA MYND ÁRSINS" JAMES OSTER - JÓRÐ

"BRJÁLÆDISLEGA FYNDIÐ FRAMHÁLD" MATT SULLIVAN - ÍN TOUCH

"ÉG HEF EKKI HLEGIÐ SVOMA" DAVE WABER - FANDANGO

ALFABAKKA

THE MAN FROM U.N.C.L.E.	kl. 5:30 - 6:30 - 8 - 9 - 10:30
THE MAN FROM U.N.C.L.E. VIP	kl. 5:30 - 8 - 10:30
VACATION	kl. 5:50 - 8 - 10:20
MISSION: IMPOSSIBLE	kl. 8 - 10:45
ANT-MAN 2D	kl. 8 - 10:30
SKÓSVEINARNIR is.Tal 2D	kl. 5:50
INSIDE OUT is.Tal 2D	kl. 5:50

KEFLAVÍK

THE MAN FROM U.N.C.L.E.	kl. 8
STRAIGHT OUTTA COMPTON	kl. 10:20
HITMAN: AGENT 47	kl. 10:10
VACATION	kl. 8

EGILSHÖLL

THE MAN FROM U.N.C.L.E.	kl. 5:30 - 8 - 10:30
HITMAN: AGENT 47	kl. 5:50 - 8 - 10:20
VACATION	kl. 5:40 - 8 - 10:40
MISSION: IMPOSSIBLE	kl. 5:20 - 8 - 10:10

KRINGLUNNI NÚMÉRUB S.ÆTÍ

THE MAN FROM U.N.C.L.E.	kl. 5:30 - 8 - 10:30
VACATION	kl. 8 - 10:20
MISSION: IMPOSSIBLE	kl. 6 - 9
INSIDE OUT is.Tal 2D	kl. 5:50

AKUREYRI

THE MAN FROM U.N.C.L.E.	kl. 5:30 - 8 - 10:30
VACATION	kl. 8
THE GIFT	kl. 10:10
INSIDE OUT is.Tal 2D	kl. 5:50

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

DR. DRE EAZY-E ICE CUBE MC REN DJ YELLA

STRAIGHT OUTTA COMPTON

HITMAN AGENT 47

HRÚTAR

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

Hluthafafundur Símans

Stjórn Símans hf. boðar til hluthafafundar í félaginu og verður hann haldinn á Hilton Reykjavík Nordica þann 8. september 2015 og hefst stundvíslega kl. 15.00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

- Tillega um samþykkt kaupbréttarkætlunar og heimild stjórnar til þess að gefa út nýtt hlutabréf. Stjórn Símans hf. leggur til við hluthafafund, sem haldinn er þann 8. september 2015, að drög að kaupbréttarkætlun verði samþykkt. Kaupbréttarkætlunin byggir á 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekiþætti og heimildir félaginu að gera kaupbréttarsamninga við starfsmenn félagsins og dótturfélag. Drög kaupbréttarkætlunar liggja fyrir fundarinn og skulu vera hluti tillögu þessarar. Samhæða er lögð í fram tillögu um heimild stjórnar til þess að gefa út nýtt hlutabréf, allt að kr. 850.000.000 að reikiverði til að uppfylla skyldur sem félagið koma að talnoti á hendur með göm kaupbréttarsamninga við starfsmenn félagsins og dótturfélag. Kaupbréttarsamningar nema byggja á kaupbréttarkætlun sem göm hefur verið á grundvelli 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekiþætti.
- Tillega um breytingar á samþykktum félagsins. Stjórn Símans hf. leggur til við hluthafafund félagsins tillögu að breytingum á samþykktum félagsins. Stjórnin leggur til í þátt fyrirséðar skráningar hlutabréfa félagsins í kaupbrétt að gerðar verði breytingar á samþykktum félagsins til samræmis við ákveðið hlutabréfagöngu um hlutabréf með ákveðið hlutabréf. Þá eru tillögur um breytingar á samþykktum í samræmi við ákveðið hlutabréf Stjórnar Símans 16. apríl sl.

Dagskrá og endanlegar tillögur með greinargerð ásamt öðrum gögnum sem tillögunum kunna að fylgja munu vera hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins að Ármúla 25, 108 Reykjavík einni viku fyrir hluthafafund. Dagskrá og endanlegar tillögur verða sýn þess aðgengilegar á heimasíðu félagsins: <https://www.siminn.is/siminn/fjarfestar/stjornarhaettir/hluthafafundur/>

Reykjavík, 28. ágúst 2015.
Stjórn Símans hf.

Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

- Fyrirlestrar**
- Hvað** Ævintýraóperan Baldursbrá **Hvenær** 14.00 **Hvar** Harpa tónlistarhús Ævintýraóperan Baldursbrá er ödur til íslenskrar náttúru, þar sem hún fjallar um vináttu og kjark til að láta drauma sína rætast. Sýningin byggist að hluta á íslenskum þjóðlögum og þulum, og er eftir þá Gunnstein Ólafsson og Böðvar Guðmundsson. Óperusýningin er samstarfsverkefni Litla óperukompanisins, Íslensku óperunnar og Hörpu. Miðaverð 2.500 krónur.
 - Hvað** Efast á kránni: Heimspekingurinn Stephen Law í heimsókn **Hvenær** 20.00 **Hvar** KEX hostel Breski heimspekingurinn Stephen Law
- Tónlist**
- Hvað** Bram Van Langen **Hvenær** 21.00 **Hvar** KEX hostel Hollenski tónlistarmaðurinn Bram Van Langen skemmtir gestum Kex Hostel með tónleikum í kvöld. Aðgangur ókeypis.
 - Hvað** Herra Hnetusmjör með útgáfutónleika **Hvenær** 21.00 **Hvar** Prikid Herra Hnetusmjör hefur verið að gera það gott í íslensku rappseuninni og mun hann gera það sem hann gerir best á Prikinu í kvöld. Aðgangur ókeypis.

verður hér á landi í boði Siðmenntar og flytur tvö erindi á vegum félagsins, undir nafninu Believing bullshit. Aðgangur ókeypis.

Hvað Fyrirlestur um leiklist og stjórnmál á Ítalíu fasismans á 4. áratug síðustu aldar **Hvenær** 20.30 **Hvar** í fyrirlestraral á 4. hæð í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni Ilona Fried, prófessor í ítölsku við ELTE-háskóla í Búdapest, heldur fyrirlestur um leiklist og stjórnmál á Ítalíu fasismans á 4. áratug síðustu aldar. Fyrirlesturinn er haldinn á vegum ítölskudeildar Háskóla Íslands og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og verður fluttur á ensku. Allir eru velkomnir.

Hvað Mánudagsdjasskvöld **Hvenær** 21.00 **Hvar** Húrur Mánudagsdjasskvöldin á Húrur eru góð upplýfing í byrjun viku. Aðgangur ókeypis.

Hvað DJ Pilsner 2,25% **Hvenær** 22.00 **Hvar** Kaffibarinn DJ Pilsner 2.25% mun þeyta skifum í kvöld og gefur engan afslátt þótt það sé mánudagur. Aðgangur ókeypis.



„Kostirnir við að útvísta til okkar utanumhaldi á gögnum og aðgangi að þeim eru umtalsverðir og þá sérstaklega varðandi öryggismál. Fyrirtæki gerir samning við okkur um vistunaraðgang fyrir sína notendur, endurskoðendur og bókarar geta til að mynda fengið aðgang að gögnum viðkomandi fyrirtækis sé þess óskað. Allt er þá inni í miðlægum grunni og engir gagnaflutningar þurfa að eiga sér stað fram og aftur en allur aðgangur að gögnum fer að sjálfsgöðu eftir skilgreindum ferlum.“

Viðskiptavinir komast inn í sitt skrifstofuumhverfi hvaðan sem er úr heiminum. Fólk getur verið með fartölvuna sína á ferðinni og loggað sig inn í vistunina okkar og unnið, hvar sem það er statt.

Kostnaður við vistunarþjónustuna er einnig fyrirsjáanlegur. Viðskiptavinir sjá strax hvað þarf að borga á mánuði og hvað er innifalið í því mánaðargjaldi,“ útskýrir Brynjar.

„Þá sjáum við um afritun gagna og viðhald á kerfum en örugg afritun skiptir gríðar-

legu máli. Við rekum okkur sífellt á að afritunarmál eru í ólestri, sérstaklega hjá fyrirtækjum sem eru ekki af þeirri stærðargráðu að hafa sérstakan starfsmann eða deild sem sinnir tölvumálum. Allnokkur mál koma upp á hverju ári þar sem eitthvað bilar, enginn kemst inn í kerfin og engin afrit eru til.“


Fyrir hverja er dkVistun?

„Fyrirtæki af ýmsum toga og öllum stærðum nýta þjónustu dkVistunar,“ segir Brynjar. „Allt frá einstaklingum með verktaþjónustu og upp í stærstu fyrirtækin sem eru með tugi notenda í hýsingu þess fyrirtækis. Hægt er að velja um mismunandi þjónustu. Kerfisleið I er einfaldasti pakkinn, þá hefur viðskiptavinurinn aðgang inn í vistunina okkar og dk kerfið, sem hann annaðhvort á eða leigir af okkur. Við tryggjum að öll leyfi séu í lagi og uppfærum kerfin þegar þarf. Í Kerfisleið II fær viðskiptavinurinn þar að auki aðgang að Word og Excel, tölvupósti og fleiru. Stærstu fyrirtækin eru að hýsa aðra hluti, ýmiss konar sérlausnir sem þá eru gerðir sérsamningar um.“

Öryggi er aðalatriði

Brynjar segir Íslendinga grandvaralausna þegar kemur að öryggismálum. Stjórnendur fyrirtækja verði að veita fjármuni í öryggismál. Ákveðin vakning hafi þó orðið á undanförunum árum.

„Öryggi verður alltaf stóra



Brynjar Hermannsson, tölvunarfræðingur og tæknistjóri hýsingar hjá dkVistun og Þorvaldur Hafdal kerfisstjóri. „dk Viðskiptahugbúnaðarkerfið er gríðarlega útbreitt og við erum sérfræðingar í því. dkVistun er því eðlilegasti kosturinn þegar kemur að því að hýsa viðskiptakerfið okkar.“

málið og ekki bara mál notenda heldur líka stjórnenda fyrirtækja. Við hjá dkVistun leggjum þunga áherslu á öryggismál og veitum ekki upplýsingar í gegnum síma. Allar fyrirspurnir varðandi aðgang þurfa að fara eftir ákveðnum leiðum og við höfum samband við ákveðinn tengilið hjá viðkomandi fyrirtæki. Allar beiðnir um aðgang að gögnum, týnd lykilorð og fleira þurfa að koma frá honum. Þar fyrir utan þarf að eiga við vírusa og tölvuprjóta

sem reyna að brjótast inn í forrit, að notendur komist ekki inn í gögn annarra og að aðgengi að vélbúnaðarkerfum í hýsingarsal sé tryggt. Þá þarf afritun gagna að vera trygg.“

Stöðugur vöxtur

„dk Viðskiptahugbúnaðarkerfið er gríðarlega útbreitt og við erum sérfræðingar í því. dkVistun er því eðlilegasti kosturinn þegar kemur að því að hýsa viðskiptakerfið okkar en að auki bjóðum við allar aðrar lausnir

ef viðskiptavinir kjósa svo. Við leggjum mikla áherslu á góðar græjur. Þróunin í tölvugeiranum er gríðarlega ör og við erum dugleg að viðhalda kerfum og endurnýja vélbúnað reglulega. dkVistun hefur vaxið gífurlega, um og yfir 25 prósent á hverju ári, og þessi þróun er okkar frábæra viðskiptamannahópi að þakka og ekki síður frábæru og öflugum starfsfólki. Í dag eru 4.500 notendur í dkVistun sem hafa aðgang að tæplega 6.000 fyrirtækjum.“



Nytsamleg námskeið

Hægt er að finna ýmis námskeið sem nýtast vel þeim sem standa í rekstri fyrirtækja eða huga að slíku. Sem dæmi um slíkt má nefna námskeiðið „Leiðir til árangurs í rekstri“ sem fram fer í Opna háskólanum þann 19. október frá 13 til 16.

Á námskeiðinu verður farið yfir nokkrar leiðir sem aukið geta árangur við rekstur. Markmiðið er að við lok námskeiðs hafi nemendur undir höndum einfalda aðferðafræði sem bætt geti rekstur og stjórnun til muna og þar með stuðlað að auknum rekstrarárangri. Námskeiðið er blanda af hefðbundnum fyrirlestrum sem og vinnustofum.

Það er byggt upp út frá fjórum þáttum: viðskiptavininum, rekstrinum, mannauðnum og stefnumörkun.

Leiðbeinandi er Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri smásölusviðs hjá Olíuverslun Íslands hf. Skráningarfrestur er til 12. október en nánari upplýsingar má finna á www.ru.is/opnihaskolinn. Þess má geta að flest stéttarfélag niðurgreiða hluta námskeiðsgjalda fyrir sína félagsmenn.

Ánægt starfsfólk

Mikilvægasta eign hvers fyrirtækis er ánægja starfsfólksins. Ánægt starfsfólk vill halda í starfið sitt, sem gerir það viljugra til að standa sig vel. Launin eru mikilvægur þáttur í því að viðhalda starfsánægju en strax á eftir fylgir góður starfsandi, skemmtileg verkefni og skilningsríkur vinnuveitandi. Og stundum er fólk jafnvel tilbúið til að sætta sig við lægri laun ef hinum þáttunum er fullnægt. Það margborgar sig að bjóða góðu starfsfólki upp á sveigjanlegan vinnutíma og skemmtileg verkefni öðru hvoru, halda veglega árshátíð og gefa fallegar jólagjafir. Og það sakar ekki að hringja á ísbilinn þegar veður leyfir.



Þurfa að hafa góða samskiptahæfni

Góðir markaðsmenn og ráðgjafar þurfa að búa yfir ákveðnum eiginleikum. Eiginleikum sem nýtast vel þegar veita á öðrum ráð og aðstoða við rekstur fyrirtækja þeirra. Meðal þessara eiginleika eru:

- Leiðtogahæfni. Markaðsmenn þurfa að vera leiðandi og geta blásið öðrum baráttuanda í brjóst til þess að koma ákveðinni hugsjón til skila. Þeir þurfa að geta stjórnað ólíkum teymum til að ná sameiginlegu markmiði.
- Góð félagsleg samskipti. Til þess að ná árangri sem ráðgjafi þarf viðkomandi að vera hæfur á öllum sviðum samskipta.
- Samningatækni. Fólk sem gefur öðrum ráð þarf að búa yfir góðri samningatækni til þess að sameina ólíka einstaklinga með mismunandi markmið og þarfir.
- Bjartsýni og seigla. Fólk í markaðsbransanum er þekkt fyrir að vera duglegt og ákveðið í því að ná markmiðum sínum. Bjartsýni og seigla eða ákveðni eru því kostir sem það fólk býr oft yfir.



Þjónusta við fyrirtæki

Við bjóðum fjármálaviðtal

Okkar markmið er að stuðla að heilbrigðum rekstri fyrirtækja og er fjármálaviðtal liður í þeirri viðleitni. Ef til vill getum við bent á leiðir til að bæta reksturinn enn frekar því lengi getur gott batnað.

Ávinningur viðtalsins er meðal annars:

- Fyrirtækinu gefst tækifæri til að kynna reksturinn og þarfir sínar
- Veittar eru upplýsingar um hvernig kennitölur geta nýst við reksturinn
- Möguleikar á endurfjármögnun eru ræddir ef við á
- Viðtalið er endurgjaldslaust

Pantaðu fjármálaviðtal á islandsbanki.is/fyirtaeki og við munum hafa samband við þig.

Skýr stefna skiptir öllu máli

Samfélagsmiðlar skipta sífellt meira máli í rekstri fyrirtækja og stofnana. Miklu máli skiptir að stefna fyrirtækis sé skýr þegar þeir eru nýttir og að allir starfsmenn sé meðvitaðir um hana.

Ein grunnforsenda góðs árangurs fyrirtækja á samfélagsmiðlum er skýr stefna. Oft hafa fyrirtæki þó ekki myndað ákveðna stefnu fyrir hvað fyrirtækið stendur og hvað það vill tengja sig við á samfélagsmiðlum að sögn Kristínar Ragnarsdóttur, sem stýrir nýrri deild PIPARS\TBWA sem heitir DAN (Digital Arts Network). Hún segir það sérstaklega eiga við um minni fyrirtæki hér á landi. „Sé ekki skýr stefna til staðar getur verið ansi erfitt og mikill hausverkur að finna til efni fyrir samfélagsmiðlana sem er áhugavert.“

Til að tala sömu röddu á samfélagsmiðlum er mjög mikilvægt að allir séu meðvitaðir um stefnu fyrirtækisins og vinni samkvæmt henni. „Vel upplýstir starfsmenn sem vinna að sömu markmiðum eru gulls ígildi. Eigi það að ná fram á samfélagsmiðlum er nauðsynlegt að allar deildir séu meðvitaðar um það markaðsefni sem fer út og að allir viti og geti brugðist skjótt við.“

Margir möguleikar standa fyrirtækjum til boða þegar kemur að samfélagsmiðlum en á Íslandi er Facebook langvinsælastur þeirra. „Um 89% Íslendinga eru á Facebook og þar vill fólk fyrst og fremst sjá persónulegar færslur. Það er mjög gaman að sjá fyrirtæki vera á persónulegu nótunum enda kann fólk að meta það og nær fyrir vikið betri tengingu við fyrirtækið. Þannig virkar oft betur að vera með myndir sem einfaldlega eru teknar á síma

frekar en hefðbundnar auglýsingamyndir.“

Hægt að bregðast skjótt við

Einnig skiptir máli að svara skjótt og að líta á miðilinn sem samskiptaform. „Að svara ekki er eins og að taka ekki upp símann á símaveri. Því þarf alltaf að vera vakandi og skilja mikilvægi miðilsins. Hann er einnig mjög gott tækifæri fyrir fyrirtæki að skynja betur hvað viðskiptavinurinn hefur að segja um vöruna eða þjónustuna. Það heyrast oft raddir á samfélagsmiðlum sem gætu hafa farið fram hjá starfsmönnum fyrirtækisins og þá er hægt að grípa inn í umræður sem eru neikvæðar með jákvæðu og uppbyggilegu viðmóti.“

Hún segir lítið þýða að fara í vörn ef um neikvæða gagnrýni sé að ræða heldur sé ávallt skynsamlegast að hlusta á viðskiptavininn, hann er jú það verðmætasta sem fyrirtækið hefur. „Umræðurnar eiga sér því ekki lengur bara stað á kaffistofum hér og þar um bæinn heldur eru orðnar opinberar og það er mjög jákvætt því þá er hægt að bregðast við þeim.“

Sem fyrr segir er Facebook vinsælasti miðillinn hérlendis eins og erlendis. Hún segir þann miðil gefa fyrirtækjum möguleika á að snerta á fólki sem hefur ekki tengst fyrirtækjasíðunni með nokkrum hætti, t.d. með auglýsingum bæði í fréttaveitunni sem og í auglýsingaplássum. „Snapchat hefur einnig komið mörgum á óvörum og nýtur gríðarlegra vinsælda, enda



Kristín Ragnarsdóttir stýrir nýrri deild PIPARS\TBWA sem heitir DAN (Digital Arts Network).

MYND/GVA

næstvinsælasti samfélagsmiðillinn hér á landi en 46% landsmanna nota hann. Hann er þó þannig uppbyggður að fólk verður að vera búið að skrá fyrirtækið sérstaklega til að geta fylgst með því. Þau senda „snöpp“ í „my story“ og það er ekki eins líklegt að þú horfir á það eins og ef sent væri beint til þín frá vini.

Þannig getur miðillinn ekki náð til eins margra og Facebook en getur þó verið mjög árangursríkur.“

Twitter er vinsæll víða um heim en hefur ekki náð eins mikilli útbreiðslu hér að sögn Kristínar. „Facebook virðist hafa mettað markaðinn fljótt hér. Kannski er fólk bara

ánægt með það og vill ekkert flækja hlutina neitt frekar. Twitter lifnar samt sem áður vel við þegar ákveðnir atburðir eru í gangi eins og Eurovision eða stórir íþróttaleikir. Eins er miðillinn frábær á samkomum, t.d. ráðstefnum, en það er aldrei eins gaman að vera á Twitter og þá!“

Vandamál eru ekki til hjá Calculus viðskiptalausnum

Starfsfólk Calculus leggur mikið upp úr því að veita persónulega þjónustu og gæta trúnaðar í öllum samskiptum. Hjá fyrirtækinu starfar reynslumikið og hæft fólk.

Hjá Calculus viðskiptalausnum geta einstaklingar í rekstri og minni fyrirtæki fengið margvíslega þjónustu. Starfsfólk fyrirtækisins hefur víðtæka og áralanga reynslu af flestu því sem viðkemur rekstri fyrirtækja. „Við leggjum mikið upp úr að veita persónulega þjónustu sem hentar hverjum og einum. Við leggjum áherslu á að þjónusta einstaklinga í rekstri og og minni fyrirtæki og gæta trúnaðar í öllum okkar samskiptum,“ segir Steinunn Ásgerður Frímansdóttir Blöndal, framkvæmdastjóri Calculus.

Steinunn segir stefnu fyrirtækisins vera að þjóna viðskiptavinum sínum sem best og að vera leiðandi í að veita persónulega gæðþjónustu. „Við sjáum um alla bakvinnslu fyrir bæði fyrirtæki og einstaklinga, svo sem bókhald, launaútreikn-

inga, skattauppgjör, virðisauka-skattskil, frágang opinberra gjalda, milliuppgjör og ársuppgjör. Við hugsum í lausnum og vandamál eru ekki til. Ánægðir viðskiptavinir eru okkar markmið,“ segir hún og brosir.

Nýir viðskiptavinir velkomnir

Calculus viðskiptalausnir var stofnað árið 2004 og rekur einnig fasteignasöluna Fiduc fasteignir. Fyrirtækið er til húsa að Grensásvegi 22. Hjá Calculus starfa þrjú viðskiptafræðingar og þar af einn með meistaraþráðu í vöru- og aðfangakeðjustjórnun og annar með löggildingu í fasteignasölu. „Í dag þjónar fyrirtækið breiðum hópi viðskiptavina vítt og breitt um landið. Þar má meðal annars nefna verslanir, framleiðslufyrirtæki, listamenn, kvikmyndagerðarmenn, kvikmyndaframleiðendur, bændur,

network marketing, snyrti- og hárgreiðslustofur, minni útgerðir og verkataka með þungavinnuvélar.“

Starfsfólki Calculus finnst mikilvægt að viðskiptavinir fyrirtækisins nýti tímann sinn vel í það sem mestu máli skiptir í þeirra rekstri, það geti séð um alla skrifinnskuna. „Við viljum að fyrirtækjæigendur og rekstraraðilar geti einbeitt sér að sinni kjarnastarfsemi og við sjáum til þess að annað sé í lagi hjá þeim. Við veitum bæði fyrirtækjaráðgjöf og rekstraráðgjöf, einnig fjármálaráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja. Auk þess gerum við verðmat á fyrirtækjum og greiningu ársreikninga,“ útskýrir Steinunn.

Hún bætir við að fyrirtækið veiti einnig ráðgjöf varðandi vörustjórnun, þar með talið innkaup, birgðahald og dreifingu, og geri hagkvæmnis-



Steinunn Ásgerður Frímansdóttir Blöndal, framkvæmdastjóri Calculus, ásamt þeim Klöru Guðbjörnsdóttur og Freysteini Barkari Barkarsyni.

átælanir, kostnaðargreiningar, rekstrarátælanagerð og sjái um tollskýrslugerð. Einnig taki þau að sér að aðstoða fólk með uppgjör og lokun dánarbúa. Þá taka þau einnig að sér að koma

og vinna ákveðin verkefni inni í fyrirtækjum og/eða veita ráðgjöf ef um það er beðið.

„Nýir viðskiptavinir eru ávallt velkomnir og tökum við þeim fagnandi.“

Er léttskýjað hjá þér?

Stjórnendur fyrirtækja telja að með innleiðingu skýjalausna hafi þeir náð að bæta afkastagetu fyrirtækisins, auka sjálfvirkni, lækka rekstrarkostnað og fleira. Umræðan um skýjalausnir þroskast og áherslur breytast.

Undanfarin ár hefur umræðan um skýjalausnir farið hátt og eins og gjarnan vill verða með nýjungar hafa væntingar og fullyrðingar oft og tíðum verið nokkuð ófgakenndar á meðan markaðurinn hefur verið að átta sig á þeim tækifærum sem felast í lausnum á þessu rekstrarformi. „Lausnamengi skýjalausna hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum og þótt margir eigi kannski erfitt með að átta sig nákvæmlega á eðli hugtaksins og hafi ekki hugmynd um merkingu IaaS, PaaS og SaaS þá þekkja flestir lausnir eins og Office 365, Gmail, Dropbox og Salesforce og hafa jafnvel heyrt að Amazon geri meira en að selja bækur á netinu,“ segir Árni Þór Jónsson, verkefnastjóri á ráðgjafarsviði KPMG. „Þó að skýjalausnir séu í sjálfu sér ekki ný tækni og mun eldri en sjálft skýja-hugtakið, þá er þetta önnur högun og rekstrarform á upplýsingakerfum en flest kerfi hafa byggt á til þessa. Með skýjalausnum skapast mörg tækifæri til að ná fram meiri hagkvæmni á ýmsum sviðum og auka verulega sveigjanleika samanborið við það rekstrarform sem hefur verið ríkjandi til þessa.“

Nýrri fyrirtæki nota skýjalausnir

Flest bendir til að skýjalausnir séu nú orðnar ríkjandi valkostur fyrirtækja sem eru í örur vexti eða byggja á nýsköpun og vöruþróun. „Það er einnig athyglisvert hve mikill munur er á högun upplýsingakerfa meðal fyrirtækja sem hafa vaxið síðustu fimm ár á tímum skýjalausna annars vegar og rótgrónari fyrirtækja hins vegar. Það er afar ólíklegt að innan veggja þessara ungu fyrirtækja sé að finna hefðbundin tölvurými með netþjónum og oft eru vinnustöðvar starfsmanna eini vélbúnaðurinn í bókum félagsins,“ segir Árni.

Ekki bara kostnaðarhagræðing

Umræðan um skýjalausnir hefur að miklu leyti verið drifin af áherslum á kostnaðarhagkvæmni. Í skýrslu sem KPMG gaf út nýlega eru hins vegar athyglisverðar niðurstöður sem sýna að stjórnendur eru farnir að leggja aukna áherslu á aðra kosti skýjalausna. Skýrslan (2014 KPMG Cloud Survey Report) birtir niðurstöður könnunar sem náði til yfir fimm hundruð stjórnenda alþjóðlegra fyrirtækja um viðhorf og reynslu þeirra af skýjalausnum. „Kostnaðarhagræðing er enn í efsta sæti yfir helstu ástæður innleiðingar en áhersla hefur aukist verulega á aðra þætti eins og að virkja betur hreyfanlega starfsmenn (mobile workforce), gagnagreiningu, nýsköpun, bættu verkferla og samskipti við viðskiptavina og samstarfsaðila.“

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að stjórnendur töldu að með innleiðingu skýjalausna hefðu þeir náð að bæta afkastagetu fyrirtækisins, auka sjálfvirkni, lækka rekstrarkostnað og stytta innleiðingartíma lausna. Einnig að þeir meti árangur innleiðingar umtalsvert betur nú

samanborið við niðurstöður sömu könnunar frá árinu 2012.

Skýjalausnir mæta auknum kröfum

Væntingar starfsmanna til starfsumhverfis hafa breyst og nú þykir sjálfsögð krafa að hafa fullt aðgengi að öllum upplýsingakerfum sem á þarf að halda hvar og hvenær sem er óháð staðsetningu. Þá hafa væntingar viðskiptavina sömuleiðis tekið miklum breytingum og nýjar kynslóðir notenda ætlast til að geta átt samskipti og sótt þjónustu með rafrænum hætti. „Skýjalausnir auðvelda fyrirtækjum að mæta þessum breytingum og gera fyrirtækjum og stofnunum kleift að laga innviði hraðar að breyttum viðskipta-kröfum. Þá er umhverfi til nýsköpunar og vaxtar mun hagstæðara þar sem fjárfestingar í upplýsingakerfum fylgja betur eftir vaxandi umfangi,“ útskýrir Árni.

Í könnuninni kemur fram að öryggi og gagnavernd er stærsta áhyggjuefni stjórnenda og er líklega ein helsta ástæða þess að innleiðingar skýjalausna fóru hægt af stað í fyrstu en nálgun stjórnenda hefur þróast í þá átt að áhersla á þessa þætti hefur orðið sterkari en á fjárhagslegt hagræði. „Spurningarnar sem þeir spyrja sig eru því ekki lengur „á ég að fara í skýið?“ heldur, „hvernig lágmarka ég áhættuna af því að vera í skýinu?“. Þessi umræða er einnig í gangi hérna heima og höfum við aðstoðað fjölmarga aðila í þessum efnum.“

Upplýsingatæknin nýtt

Umræða um skýjalausnir snertir ekki aðeins upplýsingatæknideildina því upplýsingatæknin er órofinn og samþættur hluti af rekstri fyrirtækja og stofnana og snertir beint eða óbeint flesta ferla í daglegum rekstri. Það er því mikilvægt að skipulag og rekstur upplýsingatæknimála sé skilvirkur og styðji við stefnu og framtíðarsýn.

„Í harðri samkeppni getur árangur fyrirtækja og stofnana ráðist af því með hve hagkvæmum hætti þau ná að nýta sér upplýsingatæknina. Þróun í upplýsingatækni er afar hröð og ný tækifæri til hagnýtingar í rekstri koma stöðugt fram. Því er mikilvægt fyrir stjórnendur að meta reglulega hvort upplýsingatæknimálum sé fyrirkomið á sem skilvirkastan hátt. Ekki er víst að skipulag sem hefur reynst vel til þessa sé hagkvæmasta leiðin til þess að styðja félagið áfram og getur jafnvel reynst nauðsynlegt að ráðast í breytingar til að viðhalda samkeppnishæfni,“ segir Árni.

Hann bætir við að það sé eðlilegt að rótgrón fyrirtæki og stofnanir sem hafa verið í rekstri til lengri tíma staldri aðeins við áður en högun innviða sem þau hafa treyst á sé umbylt og stjórnendur séu tvístígaðir varðandi nýjar áskoranir og ógnir sem því fylgir. „Algengast er að slík umhverfi séu blönduð þar sem skýjalausnir eru innleiddar fyrir tiltekin hlutverk og samþættar við önnur kerfi, enda fjarri því að vera sjálfsgefnið að hagkvæmt sé að skipta eldri kerfum út eða að skýjalausnir séu eini kosturinn við endurnýjun kerfa.“



„Í harðri samkeppni getur árangur fyrirtækja og stofnana ráðist af því með hve hagkvæmum hætti þau ná að nýta sér upplýsingatæknina,“ segir Árni Þór Jónsson, verkefnastjóri á ráðgjafarsviði KPMG.

Helstu kostir sem tilgreindir voru vegna sveigjanlegra lausna (mobility solutions)



Algengustu ástæður þess að fyrirtæki og stofnanir taka upp skýjalausnir



„Í harðri samkeppni getur árangur fyrirtækja og stofnana ráðist af því með hve hagkvæmum hætti þau ná að nýta sér upplýsingatæknina.“

Helstu áskoranir við innleiðingu skýjalausna



Klárur verkefnin og skilum árangri

Capacent er leiðandi ráðgjafarfyrtæki sem sinnir ráðgjöf á fjölbreyttum sviðum rekstrar, stjórnunar og ráðninga.

Við finnum að það er mikill hugur í íslensku atvinnulífi jafnt í nýjum vaxtargreinum s.s. ferðaþjónustu sem og í rótgrónum framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum,“ segir Ingvi Þór Elliðason, framkvæmdastjóri Capacent. „Við sjáum það á aukinni eftirspurn eftir starfsfólki í mörgum greinum en ekki síður á þeim verkefnum sem viðskiptavinir eru að leita til okkar með. Mörg fyrirtæki sem hafa haldið að sér höndum eru farin að sækja fram og vilja þá huga að stefnumörkun, skerpa á áherslum og endurmóta skipulag þannig að það styðji sem best við framtíðarsýn og áherslur fyrirtækisins. Samfélagsábyrgð er að fá aukið vægi og mörg fyrirtæki vilja styrkja þá vidd í stefnu sinni. Ráðgjafar gegna þar mikilvægu hlutverki við að tryggja að stefnumótunarvinnan sé markviss og skili árangri.“

Stór og fjölbreyttur hópur ráðgjafa

„Hjá Capacent starfa á fimmta tug ráðgjafa að greiningu, mótun og innleiðingu margvíslegra verkefna á sviði stefnumótunar, stjórnunar, ráðninga, rekstrar, fjármála og upplýsingatækni. Þessi breidd og stærð fyrirtækisins gerir að verkum að við getum tekið að okkur stór og flókin verkefni fyrir viðskiptavinum. Leiðarljós okkar hefur ávallt verið að veita viðskiptavinum bestu mögulegu ráðgjöf, lausnir og upplýsingar. Við klárum verkefni og skilum árangri.“

Styrk Capacent segir hann felast í starfsfólkinu. „Hjá okkur starfar fjölbreyttur hópur ráðgjafa með bakgrunn í verkfræði,

sálfræði, tölvunarfræði, viðskiptafræði, fjármálum og lögfræði svo dæmi séu tekin. Þau hafa yfirgripsmikla reynslu úr flestum hliðum atvinnulífsins og stjórnsýslu.“


Þessi breiða þekking og reynsla gerir hópinn vel í stakk búinn að vinna með viðskiptavinum að flóknum úrlausnarefnum.

Stöðug þróun þjónustunnar

„Ráðgjafar okkar vinna að því að leysa margvíslegar áskoranir með viðskiptavinum. Við vinnum til dæmis með viðskiptavinum að því að efla stjórnendateymi og bæta verkferli, losa um veltufé og skerpa á aðfangakeðjunni, innleiða áhættustjórnun og bæta stjórnkerfi og stjórnendaupplýsingar. Fyrirtæki eins og Capacent verður að vera meðvitað um hvar þarfir markaðarins og viðskiptavina liggja hverju sinni. Við höfum að undanförunni verið að styrkja okkur á ákveðnum sviðum þar sem við finnum aukna þörf og má þar nefna innleiðingu straumlínustjórnunar, nýjar lausnir á sviði viðskiptagreindar, eflingu stjórnenda, stjórnun áhættu og í stefnumótun. Eins hefur vægi fjármálaráðgjafar aukist hjá okkur á undanförunum mánuðum og við stigið mikilvæg skref í að efla óháðar greiningar á fjármálamarkaði. Við höfum verið leiðandi og ætlum okkur að vera það áfram,“ segir Ingvi.

Sérhæfðar lausnir í upplýsingatækni

Capacent vinnur með sérhæfðar lausnir og þekkingu sem sótt er til alþjóðlegra samstarfsaðila. Má þar nefna Microsoft, IBM (Cognos og SPSS), Qlik, Flexera, Wil-



Ingvi Þór Elliðason, framkvæmdastjóri Capacent, og Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, sem leiðir ráðningarþjónustu Capacent. MYND/GVA

son Learning og CEB, sem áður hét SHL.

„Við erum með sterkt teymi þegar kemur að upplýsingatækni og ráðgjafar okkar hafa verið að vinna að umfangsmiklum verkefnum, t.d. á sviði viðskipta-

greindar. Verkefnin eru fjölbreytt, allt frá því að aðstoða viðskiptavinum við val á hugbúnaðarkerfum yfir í mótun og innleiðingu nýrra aðferða við áætlanagerð. Upplýsingatækni skiptir æ meira máli í nútímarekstri og

upplýsingaöryggi er að verða einn helsti áhættuþátturinn í rekstri margra fyrirtækja. Við finnum það greinilega að viðskiptavinir okkar eru mjög meðvitaðir um þessa áhættu og mikilvægi þess að gera viðeigandi ráðstafanir.“

Styrkur okkar er stærð og sveigjanleiki

„Við sjáum mjög sterkar vísbendingar um að eftirspurn eftir fólki sé að aukast. Það er skortur á iðnaðarmönnum og tækni- og byggingageirinn er greinilega að taka við sér. Þá hefur verið viðvarandi eftirspurn eftir fólki í upplýsingatæknigeiranum og einstaklingum með sérhæfða menntun og reynslu innan fjármálagæirans,“ segir Jakobína H. Árnadóttir, sem leiðir ráðningarþjónustu Capacent.

Capacent hefur um árabíl rekið stærstu ráðningarþjónustu landsins með áherslu á ráðningar stjórnenda og sérfræðinga. „Við erum með fjölmennan hóp ráðgjafa með mikla breidd og góð tengsl við atvinnulífið. Fólk sem hefur ára- og jafnvel áratugareynslu af því að manna störf á íslenskum vinnumarkaði,“ segir hún. Styrkur Capacent liggur í stærðinni og breiddinni en ekki síður í þeim sveigjanleika sem boðið er

upp á. „Við getum tekið að okkur að finna einstakling í eitt tiltekið starf en höfum einnig reynslu af því að manna heilu fyrirtækin frá a til ö, jafnvel heilu stóridjuverin eins og í tilfalli Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði.“

Hún segir það færast í vöxt að ráðgjafar séu beðnir um að sinna hluta úr ráðningarferli og að fyrirtæki vilji ekki auglýsa en biðji ráðgjafa Capacent um að leita að starfsmanni í tiltekið starf. Vegna þessarar þróunar er æ mikilvægara að hafa stóran og góðan hóp fólks á skrá. „Stór fyrirtæki vilja oft halda utan um ráðningarferlið en fá ráðgjafa til samstarfs varðandi ákveðna þætti, s.s. greiningu og mat á umsóknum, viðtöl, framkvæmd prófa og annarra matsaðferða. Við reynum ávallt að finna þá lausn sem hentar viðskiptavininum best hverju sinni. Nýlega

unnum við t.d. með stóru hátæknifyrirtæki að ráðningu fjölda háskólamenntaðra sérfræðinga. Þar sá fyrirtækið um að yfirfara umsóknir og velja umsækjendur til viðtals. Ráðgjafar Capacent tóku í framhaldinu við; lögðu mat á valinn hóp umsækjenda í viðtölum og veittu fyrirtækinu ráðgjöf við endanlega ákvörðun um ráðningu í starfið.“

„Auk fólks með áralanga reynslu af ráðningum býr Capacent yfir stórum hópi ráðgjafa með fjölbætta reynslu af mannauðsmálum og stjórnun. Þannig myndar hópinn góða breidd til að veita heildstæða ráðgjöf á sviði mannauðsmála. Þar er ráðning mögulega aðeins einn hluti af þúsluspílinu. Ráðgjafar okkar koma þá gjarnan að ráðningum, ákvörðun launa og hönnun á hvatakerfi, sem tengt er frammi- stöðu og árangri fyrirtækisins.“



Við hjálpum þér að ná árangri

Capacent er leiðandi ráðgjafarfyrtæki sem byggir á fjölbreyttri reynslu og þekkingu starfsfólks. Við veitum viðskiptavinum ráðgjöf, upplýsingar og lausnir sem skila árangri.

Þú finnur ráðgjafa okkar og lausnaframboð á www.capacent.is.

capacent



heimili fasteignasala - á traustum grunni



530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opíð mán. - fös. frá kl. 9-17 | www.heimili.is

530 6500

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Þú hringir - við komum - þæg þér árangur!



Agent names and contact info: Björn Eymundur, Jóni Pálsson, etc.



Agent names and contact info: Páll Þorvaldur, etc.



www.valholl.is · www.nybyggingar.is

Íbúðir á besta stað

Fasteignasalan Miklaborg kynnir: Nú eru aðeins örfáar íbúðir eftir óseldar í Stakkholti 2-4 í hjarta Reykjavíkur. Glæsilegar íbúðir á besta stað.

Umhverfið við Stakkholt hefur heldur betur tekið stakkaskiptum undanfarna mánuði.

Nú er risin glæsileg frábærliga staðsett byggð í hjarta Reykjavíkur þar sem iðandi bæjarmenning er í næsta nágrenni. Veitingastaðir, kaffihús, söfn og ýmis afþreying er í göngufæri.

Aðalhönnuður hússins er teiknistofan THG arkitektar ehf., sem unnið hefur til fjölda verðlauna fyrir framúrskarandi hönnun og arkitektúr, enda eru íbúðirnar áberandi vel skipulagðar og hannaðar í samræmi við nútímaþarfir og kröfur.

Byggingaraðili er ÞG Verktakar ehf., sem hefur áratuga reynslu af framkvæmdum og leggur áherslu á vandaðar íbúðir og góða þjónustu við kaupendur.



Fallegar íbúðir í hjarta borgarinnar.

Allar innréttingar og skápar eru af vandaðri gerð frá GKS innréttingum. Í eldhúsi eru tæki af viðurkenndri gerð og gæðum og hreinlætistöki eru af vandaðri gerð. Innréttingar í eldhúsi eru stílhreinar og höldulausar með ljúflokum á skúffum og skápum.

Ein af örfáum óseldum íbúðum er íbúð 205 við Stakkholt 4a. Hún er 126,4 fm auk stæðis í bílagæmslu. Um er að ræða mjög

góða 4ra herbergja íbúð með þremur rúmgóðum svefnherbergjum og sér þvottahúsi innan íbúðar. Stofa og eldhús er opin með eldunareyju og gengið er út á svalir úr stofu.

Verð er 49,9 M og er hún tilbúin til afhendingar við kaupsamning.

Allar frekari upplýsingar um íbúðirnar veita fasteignasalar á Miklaborg í síma 569-7000 og miklaborg@miklaborg.is.

Fasteignasala Mosfellshöfjor. Einar Páll Einarsson. LAXATUNGA 80 - 270 Mosfellsbær. Includes agent photo and contact info.

Laxatunga 80 - 270 Mosfellsbær. 180,0 m² endurbætt - tilbúið til innréttingar - 6 sími hæð, íbyggja. Mjög fallegt og vel skipulagt rúmlín á sími hæð ásamt lítilleik. Skipulag er mjög gott og fer lofsverð matri til spilla. Skipulag endurbætt talningu: Þrjú svefnherbergi, forstofa, baðherbergi, þvottabúnaður, sjónarspáhal, eldhús, stofa, gæmsla og lítilleik. Eldhús og stofa liggja saman í opna rúmlínu 40 m² rými þar sem lítilleik er um 4,5m í hæsta punkti. Lítilleik stóður á gólum stað rítt við baðherbergið Lára-götu. 9.280 m.

Kvislartunga 21 - 270 Mosfellsbær. Mjög glæsilegt 207,7 fm pabla með innbyggðum 40,2 fm baðhúsi á gólum útsjónarstað. Á þriðja hæð er forstofa, sjónarspáhal, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottabúnaður með lítilleik. Á önnur hæð eru stórir stofa, stótt eldhús og baðherbergi. Eftir hæðin er með milli lítilleik og innbyggðri ljúngu. Ellegur eru til allra sita og stótt er stórglæsilegt. Lit af stofunni eru stórir með glæsilegu útsjón. 9.580 m.

Asparhvarf 19F - 203 Kópavogur. Falleg og hjúrt 124,4 m², 4ra herbergja eiri eiri með séríngangi á 2. hæð við Asparhvarf 19F í Kópavogi. Eftast í liggjandi fylgir eignin. Mjög lítt og útsjón. Lítilleik skiptast í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, gæmsluherbergi, forstofa, þvottabúnaður, stofa, eldhús og sjónarspáhal. 9.640 m.

Sólvalldagata 74 - 101 Rvk. 20,1 m² eign við Sólvalldagata 74 í Reykjavík. 12,5 m² rými á fyrstu hæð hannað með sér íngangi sem er opill rými með þvott á gólf. Íbúð rýmið er lítt og er hannað. Eignin er hjúrt og gæmsla er í hjúrtu með gólum, ve og veit. Eignin er í útsjón. 9.275 m.

Ásvallagata 69 - 101 Rvk. 67,5 m², 3ra herbergja lítilleik á 1. hæð við Ásvallagata 69 í Reykjavík. Skipulag lítilleik: Forstofa, eldhús, stofa, svefnherbergi og baðherbergi. 9.277 m.

Leirutangi 30 - 270 Mos. 200,7 fm einbýlshúsi með tveimur lítilleik á mjög hlöngri sjónarsjónarstað. 9.745 m.

Barðastaðir 7, íbúð 203 - 112 Reykjavík. OPÍÐ HÚS. Opill hús í stórum skammti frá kl. 17:00 til 19:00. Falleg og rúmgóð 104,8 m², 3ra herbergja lítilleik á 2. hæð í hjúrtu við Barðastaðir 7 í Reykjavík. Lítilleik skiptast í tvo svefnherbergi, forstofa, baðherbergi, þvottabúnaður, eldhús, sjónarspáhal, stofa og hestabúnaður. Sérstök á þriðja hæð. Eignin gætur verið hús til afhendingar við kaupsamning. 9.218 m.

Breiðavík 16, íbúð 302 - 112 Reykjavík. OPÍÐ HÚS. Opill hús í stórum skammti frá kl. 17:00 til 19:00. Falleg 104,8 m², 3ra herbergja lítilleik á 2. hæð í hjúrtu við Breiðavík 16 í Reykjavík. Eignin skiptast forstofa, þrjú svefnherbergi, eldhús, stofa, baðherbergi, þvottabúnaður. Sérstök á hjúrtu. Hús er að rúmlínu skiptast og er til aðstoðar lítilleik á gólum stað í Breiðavík. 9.271 m.

Háholt 4 - 270 Mosfellsbær. OPÍÐ HÚS. Opill hús í stórum skammti frá kl. 17:00 til 19:00. 80,0 m², 3ra herbergja lítilleik á þriðja hæð með séríngangi og veit með við Háholt 4 í Mosfellsbænum. Lítilleik skiptast í svefnherbergi, forstofa, gæmsla, baðherbergi, eldhús og stofa. Lítilleik er staðast í hjúrtu Mosfellshöfjor og er forstótt í alla þýttu, samskiptir og stótt. 9.280 m.

Réttarholtsvegur 67 - 106 Reykjavík. OPÍÐ HÚS. Opill hús í stórum skammti frá kl. 17:00 til 19:00. 180,2 fm rúmlín við Réttarholtsveg 67. Hús er að rúmlínu vel skipulagða eign á 2 hæðum, á þessum vísu stað. Falleg vörð af gótt er fyrir komu og stótt við lítilleik. Eignin skiptast í forstofu, stofu, baðherbergi, eldhús, baðherbergi, þrjú svefnherbergi, þvottabúnaður og gæmsla. 9.288 m.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Sölumáður
gisli@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Halldís Guðadóttir
Skrifstofustjóri
halldis@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Efstaleiti – „Breiðablik“. Útsýnisíbúð á efstu hæð.



4ra herbergja 154,3 fm. á 3. hæð (efstu) í glæsilegu fjöleignarhúsi miðsvæðis í Reykjavík. Samliggjandi stórar stofur með útgengi á svalir til suðurs, sjónvarpsherbergi innaf stofum, rúmgott hjónaherbergi og skrifstofuherbergi.

Sérmerkt bílastæði í bilageymslu og hlutdeild í mikilli sameign. Á hverri hæð hússins eru setustofur, lagðar náttúrugrjóti, bjartar og rúmgóðar. Húsvörður er búsettur í húsinu. Lóðin er glæsileg með sundlaug, heitum pottum o.fl.

Verð 55,0 millj

Árskógar. 3ja herbergja íbúð á 8. hæð.



94,8 fm. útsýnisíbúð á 8. hæð í þessu eftirsóttu lyftuhúsi. Góðar vestur svalir með glerlokun og grasteppi. Rúmgóð stofa með frábæru útsýni. Tvö svefnherbergi. Sér geymsla er í kjallara.

Húsvörður. Innangengt er úr húsinu í þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar.

Verð 34,9 millj.

Íbúðin er ætluð fyrir 60 ára og eldri sem eru félagsmenn í Félagi eldri borgara.

Kaplaskjólsvetur. Glæsilegt raðhús.



Glæsilegt og mikið endurnýjað 153,6 fm. palla-byggt raðhús á þessum vinsæla og eftirsóttasta stað í Vesturbænum. Allar innréttingar eru sérsníðaðar ásamt innihurðum.

Húsið var hannað að innan af Rut Káradóttur og er búið að endurnýja (2012) m.a. eldhús, baðherbergi, sólbekki, milliveggi og innihurðir ásamt því að öll gólf voru flotuð og loft tekin niður með innfældri lýsingu. Arinn í stofu.

Glæsileg afgirt verönd til suðausturs. Frábær staðsetning í göngufæri við skóla, sundlaug o.fl.

Verð 65,9 millj.

Heiðarhjalli - Kópavogi. Parhús á einstökum útsýnisstað.



Glæsilegt og einstaklega vel staðsett 214,6 fm. parhús að meðtöldum 27,2 fm. bílskúr á frábærum útsýnisstað í suðurhlíðum Kópavogs. Útsýnis nýtur til Keilis, Bláfjalla og víðar. Húsið er hannað af ARKHD arkitektum og stendur á 736 fm. lóð innst í botnlanga. Stórar og breiðar svalir liggja meðfram húsinu á tvo vegu. Stórar viðarverandir og skjólgirðingar með tröppum á milli svæða. Garður er mjög gróðursæll.

Verð 72,5 millj.

Einstök staðsetning í suðurhlíðum Kópavogs með frábæru útsýni. Stutt er í skóla á öllum stigum og íþróttasvæði ásamt útivistarsvæði og hjóreiðastígum.

Langalína 28- 32, Sjálandi Garðabæ. Nýjar 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir.



Sérlega glæsilegt 3ja hæða álklaett fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 105 -188 fermetrar og verða afhentar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með tvennum svólum eða stórum timburveröndum og svólum. Stæði í bilageymslu fylgja öllum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er:
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

Naustavör 2 – 12, Kópavogi. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kóp.



Um er að ræða 3ja hæða hús við Naustavör. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 87,5 fm. upp í 153,9 fm. og verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svólum eða stórum timburveröndum. Stæði í bilageymslu fylgja öllum íbúðum. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er:
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

Ekrustigur- Neskaupstað. Til sölu eða leigu.



Til sölu eða leigu einbýlishús í Neskaupstað. Fjarðabyggð. Eignin er 166,1 fm. að stærð að meðtöldum 20,4 fm. bílskúr. Öll suðurhlíð hússins með þremur gluggum. Útsýni er til suðurs, vesturs og austurs. Lóðin er 199,0 fm. að stærð, ræktuð og með stóri timburverönd með trébrú upp í garð.

Eignin er laus til afhendingar strax.

Verð 15,9 millj.

Viðihlið - Suðurhlíðar Reykjavíkur.



Mjög fallett og vel skipulagt 308,9 fm. sérbyli með innbyggðum bílskúr á fallettum og grónum stað í Suðurhlíðum Reykjavíkur, stutt frá fallettum útivistarsvæðum og gönguleiðum. Um er að ræða tvær efri hæðir í þriggja hæða raðhúsi. Glæsilegar stórar samliggjandi stofur, stórt nýlegt og vandað eldhús og 5 svefnherbergi. Mögulegt er að bæta við svefnherbergjum ef vill.

Stór verönd/svalir er útaf stofum og þaðan er gengið niður á lóð. Rúmt er um húsið auk þess sem gestabílastæði eru í götunni.

Verð 69,9 millj.

KRISTNIBRAUT – GRAFARHOLTI



Kristnibraut – Grafarholti. Útsýnisíbúð.

Afar glæsileg 118,9 fm. íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi auk 25,2 fm. bílskúr á frábærum útsýnisstað í Grafarholtinu. Stórar og bjartar stofur með gluggum til norðurs og suðurs. Rúmgóðar og skjólsælir svalir og frábært útsýni. Tvö rúmgóð herbergi. Eldhús með miklum og fallettum innréttingum. Baklóð hússins er að stærstum hluta villt en þó líka með tyrfdum flötum.

Verð 43,9 millj.

LANGALÍNA – SJÁLANDI



Langalína – Sjálandi Garðabæ.

Glæsileg 128,4 fm. íbúð á 2. hæð á góðum stað í Sjálandshverfi auk sér stæðis í bilageymslu. Stórar svalir til norðvesturs með útsýni yfir Arnarnesvögin og að Seltjarnarnesi. Verulega aukin loft hæð er í stofum, eldhúsi og einu herbergi íbúðarinnar. Allar innréttingar í íbúðinni frá Brúnási. Stórt opið rými sem í eru eldhús og stofur. Setustofa er með miklum gluggum. Örstutt er í ylströnd sunnan megin hússins. **Verð 49,9 millj.**

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.

5 HERBERGJA



RAUÐALÆKUR 6. EFSTA HÆÐ

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45

Vel skipulögð 98,7 fm. 5 herbergja íbúð á 3. hæð, efstu, við Rauðalæk að meðtalinni 3,9 fm. sér geymslu í kjallara hússins. Samliggjandi skiptanlegar stofur. Rúmgott eldhús. Þrjú herbergi. Svalir til suðurs og fallegt útsýni. Verið velkomin.

39,9 millj.

4RA HERBERGJA



NAUSTABRYGGJA.

Glæsileg 130,5 fm. íbúð á 2. hæð að meðtöldri geymslu á þessum frábæra stað niður við smábátahöfnina í Grafarvoginum. Um 22 fm. hornsvalir með allri íbúðinni með frábæru útsýni yfir vogninn og víðar og er útgengt á þær úr einu herberginu og úr stofu. Falleg gróin lóð og snyrtileg aðkoma. Íbúðin er einstaklega vel skipulögð með stóru hjónaherbergi með fataherbergi og baðherbergi inna. Verið velkomin.

46,9 millj.

3JA HERBERGJA



NJÁLSGATA 16.

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45 Falleg 73,1 fm. hæð og kjallari með sérinngangi á þessum vinsæla og eftirsóttá stað í miðbæ Reykjavíkur. Nýbúið er að klæða norður og austur hlið á húsinu með bárujárnri ásamt þakinu. Innangengt úr hæð í kjallara þar sem er góð geymsla og innan henni er sér þvottahús fyrir þessa íbúð. Frábær staðsetning þar sem miðbærinn er í göngufæri. Verið velkomin.

29,7 millj.

5 HERBERGJA



SPORÐAGRUNN 11. EFRI SÉRH. ÁSAMT BÍLSKÚR.

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45 Mjög góð 116,0 fm. efri sérhæð auk sér geymslu í kjallara og 35,0 fm. bílskúrs í fallegu þrjúherbergi, teiknuðu af Sigvalda Thordarsyni. Frábær staðsetning í rólegri götu í Laugardalnum. Tvennar svalir og útsýni. Þrjú herbergi, en mögulegt er að útbúa fleiri svefnherbergi í íbúðinni ef vill. Gler og gluggar á hæðinni voru endurnýjaðir fyrir fáeinum árum síðan. Verið velkomin.

46,9 millj.

3JA HERBERGJA



STRANDVEGUR - SJÁLANDI GARÐABÆ.

Glæsileg 3ja - 4ra herbergja íbúð. Mjög glæsileg 3ja-4ra herbergja 118,7 fm. íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi niður við sjóinn. Sér stæði í bilageymslu. Fallegar eikarinnréttingar í eldhúsi. Tvö herbergi með skápum. Frábært útsýni til sjávar, að Seltjarnarnesi, Bessastöðum og víðar. Skjólsæl verönd með steypnum skjólvegg. Frábær staðsetning niður við sjóinn.

49,9 millj.

3JA HERBERGJA



VATNSSTÍGUR. GLÆSILEG ÚTSÝNISÍBÚÐ.

Glæsileg 135,6 fm. útsýnisíbúð með suðursvölum á 6. hæð við Vatnsstíg auk sér bílastæðis í bilageymslu í kjallara hússins. Tvö herbergi, sjónvarpshol og rúmgóð stofa. Íbúðin er öll innrétuð á afar vandaðan og smekklegan máta og útsýni frá eigninni er óviðjafnanlegt, bæði til suðurs að Reykjanesi, út á sundin og að Snæfellsjökli.

95,0 millj.

5 HERBERGJA



HAGAMELUR. 5 HERBERGJA ÍBÚÐ- EFSTA HÆÐ.

Mjög vel skipulögð 116,9 fm. íbúð á 3. hæð að meðt. geymslu. á þessum eftirsóttá stað í Vesturbænum. Sameiginlegur innangangur er með 2. hæð. Rúmgóð stofa og borðstofa. Þrjú rúmgóð herbergi. Góðar suðursvalir með fallegu útsýni. Pak hússins var endurnýjað árið 2000 og lóðin endurnýjuð árið 2009. Góð eign á frábærum stað. Örstutt í skóla og sundlaug. Verið velkomin.

47,9 millj.

3JA HERBERGJA



HÁTÚN.

3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Hátún í Reykjavík. Íbúðinni fylgir sér geymsla á 1. hæð. Íbúðinni fylgir allt innbú og innanstokksmunir. Svalir til suðurs út af stofu. Tvö svefnherbergi. Húsið er nýlega tekið í gegn að utan sem og sameign. Íbúðinni fylgir innbú - tilvalin íbúð fyrir félagasamtök.

38,5 millj.

SUMARHÚS



BORGARHÓLSSTEKKUR, BLÁSKÓGABYGGÐ

41,4 fm. vel staðsett eldra sumarhús á fallegum stað í Bláskógabyggð. Húsið er í lélegu ástandi og þarfnast verulegrar endurnýjunar. Húsið stendur á mjög fallegri 2.128 fm eignarlandi sem er kjarrvaxið og með fallegu útsýni út á Þingvallavatn. Kalt vatn og rafmagn (ekki heitt-vatn og engin rotþró). Falleg Kamina í stofu. Möguleiki að selja innbú sem er til staðar í húsinu með húsinu.

MARKARFLÖT - GARÐABÆ



Markarflöt - Garðabæ

Glæsilegt 315,0 fm. einbýlishús á pöllum, að meðtöldum 42,0 fm. tvöföldum bílskúr, á frábærum stað innanlega við Markarflöt í Garðabæ. Húsið var mjög mikið endurnýjað fyrir fáeinum árum síðan, m.a. gólfefni, innihurðir, eldhúsinnrétting og tæki endurnýjuð auk baðherbergja og fataskápa. Á milli palla í húsinu eru parketlagðir steyptr stigar með fallegum glerhandröðum. Arninn er í stofu og gólfisíðir gluggar. Hjónasvita sem samanstendur af svefnherbergi, fataherbergi og baðherbergi. Lóðin snýr að mestu leyti til suðurs. Skjólsæl verandir eru á lóð með skjólveggjum auk tyrffarar grasflatar og mikils gróðurs. Verð 125,0 millj.

